

Víð skógareigendur

1. tbl. • 10. árg. • júní 2016



Meðal efnis í blaðinu:

- Viðarvinnslustöð á Víðivöllum Ytri 2 í Fljótsdal
- Beitaraskógrækt
- Skjólbelti bera nafn með rentu
- Falleg og vel hirt skjólbelti eru mikil staðarprýði
- Líf mitt með trjánum
- Skjólbelti framtíðar
- Hraðræktun jólatrjáa á ökrum
- Eiginleikar íslensks trjáviðar, þéttleiki og ending
- Frá skógi til fiskafóðurs
- Skógarbændur – hverjir eru þeir?
- Áhugavert og fjölbreytt nám í garðyrkju og skógrækt



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

VERTU MEÐ ...

... er vorid kallar á þig!

- ✿ Eftir fimmtán ár frá gróðursetningu fást girðingarstaurar og kurl eða spænir til undirburðar í gripahús
- ✿ Innan áratugar fer að gæta aukins skjóls fyrir tún, akra og búpening — og fyrir fólkið líka!
- ✿ Iðnviðarskóg með alaskaösp má fella eftir 20 ár og selja bolina til kísilmálmvinnslu.
- ✿ Skjólbelti auka uppskeru og afurðir, bæta líðan dýra og manna og efla frjósemi á búinu
- ✿ Úr 20-25 ára timburskógi fæst grisjunarviður sem getur staðið undir kostnaði við grisjun skógarins og jafnvel gott betur
- ✿ Skógarþekja stuðlar að verndun jarðvegs og kemur í veg fyrir tap næringarefna úr jarðvegi
- ✿ Skóg má rækta til beitar og fá í senn frjósamt beitiland, timbur og aðrar verðmætar skógarafurðir
- ✿ Með skógrækt getur bóndinn kolefnisjafnað bú sitt og auglýst kolefnishlutlausar afurðir



Kallar vorid á þig?

Hafðu þá samband við Landshlutaverkefnið þitt:



Vesturlandsskógar sími 433 7054
vestskogar@vestskogar.is

Skjólsskógar á Vestfjörðum sími 456 8201 og 893 1065
skjolskogar@skjolskogar.is

Nordurlandsskógar sími 461 5640
nls@nls.is

Héraðs- og Austurlandsskógar sími 471 2184
skogar@heradsskogar.is

Sudurlandsskógar sími 480 1800
bjorn@sudskogur.is

Vissir þú þetta?

Eigendur lögbýla sem hafa hentugt land til skógaræktar geta gert skógræktarsamning og fengið allt að 97% kostnaðar greidd, þar með talin vinnulaun.

sveifla hak'

... OG RÆKTA NÝJAN SKÓG

Ritstjóraspjall

Að þessu sinni er blaðinu Við skógar-eigendur dreift á öll lögbýli í landinu og er vonandi að bændur um allt land hafi gagn og gaman af efni blaðsins. Reynt var að fá fjölbreytt efni sem víðast að af landinu til að varpa ljósi á skógrækt og það sem er að gerast í skógargeiranum um allt land. Umfjöllun um skjólbelti og gagnsemi þeirra er skrifuð af bændunum sjálfum og lýsir sjón-arhorni þeirra en einnig er fjallað um ræktun skjólbelta og hvað gera má betur í þeim efnum. Sagt er frá afurðastöð skógarbænda í Fljótssdal, kynntar niðurstöður rannsókna um jólatrjáaræktun, um endingu íslensks víðar, um beit í skógi, sýn bænda, starfsmanna skógargeirans og annarra á framtíð skógræktar í landinu og svo framvegis. Nú er ritstjórn blaðsins flutt á Vestfirði og það er von okkar ritstjórnarinnar að ykkur lesendum líki vel hvernig til hefur tekist. Við þökkum öllum sem hafa lagt okkur til efni eða auglýs-ingar kærlega fyrir og vonum að ykkur líki lesturinn.

Fyrir hönd ritnefndar, Lilja Magnúsdóttir



Pistill frá formanni LSE

Á Búnaðarþingi 2016 var lögð fram ályktun af fulltrúa Lands-samtaka skógareigenda er varðar kolefnisjöfnun búskapar og var ályktunin samþykkt. Markmið hennar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við landbúnað og að nýta til þess skógrækt sem mótvægisáðgerð. Bent var á magn skógar sem þarf til kolefnisjöfnunar.



Íslenskir bændur gætu orðið í fararbroddi hvað varðar sjálfbærni í búskap og markaðssett vörur sínar sem kolefnis-jákvæða vöru. Slík aðgerð gæfi innlendri landbúnaðarvöru algjöra sérstöðu. Það hefði margvíslegan ávinning í för með sér hvort sem um væri að ræða innlendan eða erlendan markað, en krafan um sjálfbæra framleiðslu verður stöðugt háværari.

Ályktun LSE féll í góðan jarðveg, en sóknaráætlun ríkisstjórnar í loftlagsmálum stefnir að minnkun gróðurhúsalofttegunda í öllum atvinnugreinum. Áhersla er lögð á samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, en raunverulegur árangur næst seint nema með samstilltu átaki sem flestra.

Verkefnastjórn var skipuð í framhaldi ályktunarinnar. Hún er skipuð tveimur fulltrúum BÍ, framkvæmdastjóra BÍ og framkvæmdastjóra LSE, einum fulltrúa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og tveimur fulltrúum og aðstoðarmanni umhverfis- og auðlindaráðherra sem jafnframt er formaður verkefnastjórnar.

Þann 1. desember 2015 tók Þróstur Eysteinnsson við sem nýr skógræktarstjóri. Stjórn LSE óskar honum velfarnaðar í starfi og þakkar jafnframt fráfarandi skógræktarstjóra Jóni Loftssyni fyrir samstarfið. Hlutverk nýs skógræktarstjóra er meðal annars að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnin undir nýja stofnun; Skógræktina.

Allt sameiningarferlið hefur verið opið og margir kallað-ir til samráðs, LSE, félög skógarbænda, o.fl. Mikil jákvæðni og væntingar ríkja um sameininguna. Stjórn LSE lýsir þó áhyggjum af yfirlýstu samráði nýrrar skógræktarstofnunar við skógareigendur varðandi nytjaskógrækt á bújörðum. Stjórn LSE telur mikilvægt að kveðið verði fastar að orði og að skógarbændur hafi mjög skýra aðkomu að ákvarðanatöku um sín málefni.

LSE leggur áherslu á mikið og gott samstarf við bændur. Margir bændur eiga land sem nýta mætti til skógræktar t.d. nytja- og beitarskógræktar og skjólbeltaræktar. Skógrækt styrkir stöðu bænda á ýmsan hátt. Hún veitir skjól fyrir bústofn, styrkir beitarnland, skýl-ir ökrum og túnæktun og eykur uppskeru. Samhliða öllu þessu skapar skógrækt möguleika á sjálfbærni búskapar og bættri ímynd bændastéttarinnar.

Hver einn og einasti einstaklingur ber ábyrgð á loftlagsmálum því við eigum aðeins eina jörð. Það þurfa allir að draga úr kolefnislosun eins og hægt er. Skógrækt er viðurkennd mótvægisáðgerð gegn uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Nýtum okkur þessa vitneskju og vinnum saman með auknum styrk að skógrækt í landinu.

Sumarkveðjur.

Formaður LSE, Jóhann Gísli Jóhannsson

„Skógrækt er mannrækt“

Landgræðslan, Gunnarsholti
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Hveragerði
Íslandspóstur hf
Skógarbýlið Innra-Leiti
Skógarbýlið Tungufell
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrúki

Stjórn LSE 2015-2016

Aðalmenn: Formaður Jóhann Gísli Jóhannsson, Hraundís Guðmundsdóttir varaformaður, María Ingvarsdóttir gjaldkeri, Sighvatur Jón Þórarinnsson ritari og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir meðstjórnandi.

Varamenn: Sigríður Hjartar, Bergþóra Jónsdóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir.



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

Landssamtök skógareigenda, Austurvegi 3-5, 800 Selfoss
Sími 480-1826, gsm 899-9662
hronn.lse@gmail.com – www.skogarbondi.is

Útgefandi: LSE (Landsamtök skógareigenda)

Umbrot: Athafnagleði ehf, Ísafirði

Prentun: Prentsmiðja Guðjóns Ó.

Upplag 5.500 eintök.

Ábyrgðarmaður og ritstjóri: Lilja Magnúsdóttir (liljam@centrum.is)

Ritnefnd: Lilja Magnúsdóttir, Helga Dóra Kristjánsdóttir,

Oddný Bergsdóttir, Björgvin Eggertsson og

Hrönn Guðmundsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu af jörfavíði í vorbúningi í Tálknafirði; Lilja Magnúsdóttir.

Myndir með greinum eru eftir höfunda nema annað sé tekið fram.

Samstaða um sameiningu

Allt bendir til að ný stofnun, Skógræktin, sé í fæðingu

Pétur Halldórsson

petur@skogur.is

Sem kunnugt er hillir nú undir að breytingar verði gerðar á þeim stofnunum sem sjá um skógræktarmál fyrir hönd ríkisins. Áformað er að ný stofnun, Skógræktin, taki við hlutverki og verkefnum Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt auk umsjónar með Heksluskógum. Meiningin er að nýja stofnunin taki til starfa 1. júlí en ef ekki tekst að afgreiða lagabreytingar vegna málsins á Alþingi áður en þinghlé verður gert vegna forsetakosninga í júní gæti það frestast til hausts eða áramóta. Í þessari grein er farið yfir sameiningarferlið undanfarin misseri og stöðu mála nú.

Bandormur

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, mælti 3. maí fyrir frumvarpi til laga um nýja skógræktarstofnun. Lögin eru svokallaður bandormur, breytingar sem nauðsyn er að gera á eldri lögum til að tiltekið mál nái fram að ganga. Í ræðu sinni gat ráðherra þess að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefði á undanförunum misserum haft til skoðunar ýmsar sviðsmyndir um sameiningu eða aukið samstarf stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Í júní 2015 hófst vinna hjá starfshópi við skoðun á sameiningu alls skógræktarstarfs á vegum ríkisins í eina stofnun, þ.e. Skógræktar ríkisins, Vesturlandsskóga, Skjólsskóga á Vestfjörðum, Norðurlandsskóga, Héraðs- og Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga, auk umsjónar með Heksluskógum.

Skýr niðurstaða starfshópsins

Líneik Anna Sævarsdóttir alþingismaður fór fyrir starfshópnum sem skilaði niðurstöðum í september 2015. Í hópnum sátu einnig Vilhjálmur Árnason alþingismaður, Jón Geir Pétursson,

skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Jón Loftsson, þáverandi skógræktarstjóri, fyrir hönd Skógræktar ríkisins og Björn Bjarndal Jónsson, framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga, fulltrúi landshlutaverkefna í skógrækt. Með hópnum starfaði Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi auk ritara.

Starfshópurinn rýndi í kosti þess og galla að sameina allt skógræktarstarf ríkisins og lagði mat á ávinning og áskoranir sem uppi yrðu í kjölfar hennar. Haft var náið samstarf við Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands. Niðurstaðan var að sameining landshlutaverkefnanna og Skógræktar ríkisins væri æskileg og skapaði tækifæri fyrir framþróun og eflingu skógræktar í landinu. Samhæfing skógræktarstarfsins gæti stuðlað að eflingu atvinnulífs og rennt styrkari stoðum undir búsetu í byggðum landsins. Þá væri markmiðið að gera stjórnarsýslu skógræktarmála skilvirkari, auka faglega getu og yfirsýn.

Samkvæmt frumvarpinu skal ný skógræktarstofnun hafa höfuðstöðvar á Fljótsdalshéraði og reka starfstöðvar í öllum landshlutum. Ráðherra hefur lagt ríka áherslu á þessa staðsetningu höfuðstöðvanna og gat þess við fyrstu umræðu um frumvarpið að þegar nýr skógræktarstjóri var ráðinn í lok síðasta árs hefði verið gerð skýr krafa um að hann yrði búsettur eystra. Starfstöðvar Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna er auðvelt að sameina á flestum stöðum og raunar deila sumar þeirra húsnæði nú þegar, svo sem á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum.

Eins og getið er um í frumvarpinu verður meðal helstu verkefna nýju stofnunarinnar skipulag og ráðgjöf við nýræktun skóga, umhirðu og nýtingu, umsjón þjóðskóga, rannsóknir í skógrækt, fræðsla og kynning.

Viðtæk sátt er markmiðið

Að því er Sigrún Magnúsdóttir sagði þegar hún mælti fyrir frumvarpinu var markmiðið við undirbúning sameiningarinnar að skapa sem viðtækasta sátt um málið. Þegar starfshópurinn hafði skilað af sér hófst vinna við frumvarpið. Meðal annars voru haldnir fundir með framkvæmdastjórum allra landshlutaverkefnanna og skógræktarstjóra sem upplýstu starfsfólk sitt um áframhaldandi vinnu við fyrirhugaða sameiningu. Þá var haft samráð við kjara- og mannauðsýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna ákvæða sem tengjast réttindum og skyldum starfsmanna Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna. Ráðningarsamningar allra starfsmanna halda sér yfir í nýja stofnun og þar með réttindi og skyldur en svo verður hlutverk stjórnenda að laga starfsmannahópin að nýju skipulagi og verkefnum.

Skógræktarstjóra var falið að stýra undirbúningsvinnu sameiningarinnar. Myndaður var stýrihópur sem í sitja framkvæmdastjórar lands-



VANTAR SKJÓL?

Vindbrjótar hafa sannað gildi sitt við ræktun trjágróðurs hér á landi.
Vantar þig meira skjól? Hafðu þá samband sem fyrst.

Selskógar ehf

Stapaseli, 311 Borgarbyggð, s. 893 8090, netfang: danielth@nett.is



hlutaverkefnanna, fjórir starfsmenn Skógræktar ríkisins og fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hópurinn hefur unnið ásamt ráðgjöfum Capacent að stefnumótun fyrir starf nýrrar stofnunar með virkri þátttöku starfsfólks allra stofnananna.

Lýðræðislegt ferli

Í byrjun árs var skipað í þrjá tíu manna vinnuhópa starfsfólks allra stofnananna sem skyldu fjalla hver um sitt málefni nýrrar stofnunar, innri mál, ytri mál og fagleg mál. Hóparnir unnu tvo til þrjá vinnudaga hver ásamt ráðgjöfum Capacent og skiluðu af sér skýrslum sem kynntar voru á sameiginlegum stefnumótunarfundi starfsfólks á Grand hóteli í Reykjavík 9. mars. Á stefnumótunarfundinn komu nær allir starfsmenn stofnananna. Fundurinn var með þjóðfundarsniði þar sem fólki var skipt niður á átta hringborð og tiltekin málefni rædd á hverju. Undir lok fundarins var stokkað upp á milli borða svo að ná mætti fram fleiri sjónarmiðum um málefni hvers borðs.

Auk stefnumótunarfundarins tóku ráðgjafar Capacent starfsmannaviðtal við hvern einasta starfsmann á starfsstöð hvers og eins. Þetta voru trúnaðarsamtöl en ráðgjafarnir unnu upp úr þeim ópersónugreinanleg gögn sem notuð hafa verið í áframhaldandi vinnu við mótun stefnu og skipulags nýrrar stofnunar. Ferlið hefur því verið mjög lýðræðislegt og starfsfólk fengið margs konar tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og reifa bæði það sem vel hefur gengið og annað sem betur mætti fara.

Breytingar í lögum

Að lokinni fyrstu umræðu um frumvarpið um nýja skógræktarstofnun fór það fyrir umhverfis- og samgöngunefnd. Frestur til að skila athugasemdum rann út 18. maí.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um skógrækt nr. 3 frá árinu 1955. Annars vegar eru nauðsynlegar breytingar sem fela í sér að ný stofnun, Skógræktin, taki við öllum verkefnum Skógræktar ríkisins og hins vegar eru breytingar sem snúa að því að eitt af verkefnum nýrrar stofnunar verði að reka landshlutaverkefni í skógrækt samkvæmt lögum nr. 95 frá 2006. Að auki er að finna í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða um réttindi og skyldur starfsmanna Skógræktar ríkisins.

Með svipuðum hætti snúa breytingar á lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95 frá 2006 einkum að yfirstjórn verkefnanna. Við sameininguna taki ný stofnun við hlutverki þeirra stjórna sem verið hafa yfir hverju verkefni fyrir sig fram að þessu. Ekki verði áfram skipaðar stjórnir yfir verkefnum en í stað

þess er lagt til í frumvarpinu nýtt ákvæði um samráð við félög skógarbænda og Landssamtök skógar eigenda. Landshlutaverkefni verða ekki lengur nefnd í lögum, ef frumvarpið nær fram að ganga, en gert er ráð fyrir því að stofnunin muni sinna þeim verkefnum sem landshlutaverkefni sinntu áður. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um réttindi og skyldur starfsmanna verkefnanna sambærileg ákvæðunum um starfsfólk Skógræktar ríkisins sem áður voru nefnd. Breytingar á öðrum lögum sem er að finna í frumvarpinu eru eingöngu nafnabreytingar þar sem heiti nýrrar stofnunar leysir af hólmi heiti hinna eldri í öllum lagagreinum þar sem þau koma fyrir.

Ný skógræktarlög í undirbúningi

Þegar Sigrún Magnúsdóttir hafði mælt fyrir frumvarpinu á Alþingi 3. apríl tók Línéik Anna Sævarsdóttir, þingmaður fram-sóknarmanna, til andsvars. Hún spurði ráðherra hvort ekki stæði til að endurskoða alla löggjöf um skógrækt á Íslandi. Lög um skógrækt væru komin til ára sinna og mikilvægt að endurskoða þau til að framþróun í skógrækt gæti orðið markviss áfram. Ráðherra sagðist geta fullvissað þingmanninn um að sú vinna væri þegar hafin í ráðuneytinu. Línéik Anna tók aftur til máls og fagnaði því að vinna að nýrri löggjöf væri hafin en sagðist telja mikilvægt að um leið yrði litið til þess að samhæfa markmið á víðara sviði svo sem í skógrækt, landgræðslu og náttúruvernd.

Eining ríkti meðal þingmanna meirihluta og minnihluta við fyrstu umræðu málsins. Flest virðist því benda til þess að af þessu verði, að ný stofnun, Skógræktin, taki til starfa á næstunni. Stýrihópurinn um sameininguna hefur skilað af sér tillögum til ráðuneytisins um skipulag hinnar nýju stofnunar ásamt drögum að stefnuskjali.

Samstíga skógræktarfólk

Til þess er tekið hversu vel þetta sameiningarferli hefur gengið og þeirrar samstöðu sem um það hefur ríkt í undirbúningsstarfinu. Það á sér eflaust ýmsar skýringar en á það er bent að hér sé verið að sameina stofnanir með mjög skýr og sameiginleg markmið og verkefni. Starfsfólk allra þessara stofnana þekkist vel og hefur unnið náið saman að ýmsum verkefnum, hist á fagræðstefnum og fundum og hefur sameiginlega sýn um að klæða landið skógi og skapa verðmæta auðlind ásamt öllum þeim fjölbreytta ávinningi sem skógrækt hefur fyrir land, þjóð og heimsbyggð. Með sameinaðri stofnun er tækifæri til að ganga í takt að hinu sameiginlega markmiði.

Að stýra skógarauðlindinni inn í framtíðina

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Framkvæmdastjórar Landshlutaverkefna í skógrækt (LHV) hafa starfað náið saman í gegnum árin. Verkefnin eru mörg allt frá plöntuútboðum til grisjana, samræming á töxtum og vinnubrögðum og svona mætti lengi telja. Úrvinnsla hefur borið nokkuð á góma þegar markmið með ræktun skóga hafa verið rædd, því í upphafi skyldi endinn skoða. Það þótti því vera kominn tími á að kynna sér grisjanir og úrvinnslu erlendis á smáum skala, eitthvað sem við gætum lært af og notfært okkur í vinnu næstu árin.

Haustið 2014 ákváðu framkvæmdastjórar LHV að leggja land undir fót og fóru til Svíþjóðar. Greint var ítarlega frá þessari ferð á þessum vettvangi í 2. tölublaði 2014 í „Við skógareigendur“. Haustið 2015 fór sami hópur í stutta ferð til Finnlands og Álandseyja, en það er eftir þessar ferðir sem eftirfarandi hugleiðingar hafa fæðst.

Þar sem grisjun er hafin eða er að hefjast í öllum landshlutum og afurðir skóganna að líta dagsins ljós þótti tímabært að kynna sér þann þátt hjá nágrönnum okkar. Það sem stóð upp úr og er mér minnisstæðast þegar ég hugsa til baka þá er það sú hugsun að hámarka afurðir sem landið getur gefið, hvort sem það var ræktun skóga og úrvinnsla skógarafurða, ræktun korns á akurlendi, vatnanýting eða hvað svo sem jörðin hafði uppá að bjóða. Framtíðarsýnin var skýr og meðvitund um að ganga ekki á höfuðstólinn, skila landinu í betra standi til komandi kynslóða. Þetta átti einnig við á Álandseyjum, en þar búa rúmlega 28 þúsund manns í 16 sveitarfélögum, þar af eru um 11 þúsund í höfuðstaðnum Mariehamn. Skógareigendur á Álandseyjum eru tæplega þrjú þúsund, tíundi hver íbúi er skógareigandi. Afurðir úr hafþyrniberjum, eplarækt, býflugur, veiðar og ferðaþjónusta er þeirra sérstaða. Mikið er um heimavinnslu og heimsóttum við eina slíka sem rekin er af fjölskyldu sem stundar blandaðan búskap (skógarnytjar, veiðar, nautgripir, smíðar, ferðaþjónusta).

Í Svíþjóð eru það skógarbændafélögin sem reka ráðgjafajónustu, en í Finnlandi er verið að stokka kerfið upp þar sem ekki verður lengur skylduaðild að skógarbændafélögum og þar með aðgangi að ráðgjöfum og áætlanagerð. Þetta er gert í kjölfarið á endurskoðun á finnsku skógræktarlögum. Markmiðið er að það verði valfrjálst að vera aðili að skógarbændafélögum í Finnlandi, félögin verða rekin eins og hver annar



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og sonur hennar Þórður í skóginum í Einkunnum við Borgarnes. Ljósmynd: Áslaug Þorvaldsdóttir.



Daníelslundur í Borgarfirði nýgrísaður. Ljósmynd SJB.

„bisness“ með litlum ríkisstuðningi, en það er stór breyting í Finnlandi. Þetta þýðir að ráðgjöfin verður algjörlega sjálfstæð eining. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þessi breyting mun gefast hjá Finnunum, en það er hætt við að þeir sem velja að vera ekki aðili að skógarbændafélögum hætti að sinna sínum skógum en svo gæti þetta jafnvel aukið kraftinn og orðið til þess að skógareigendur verði enn meðvitaðri um verðmæti skógarins. Það verður fróðlegt að fylgjast með til hvers þessar breytingar leiða í Finnlandi. Hugsanlega gæti svipað módel orðið raunin hér í fjarlægri framtíð. Þetta er stór áskorun vegna þess að víða, t. d. í Noregi eru menn að vakna upp við vandan draum, því skógareigendur hafa fjarlægst skóginn sinn (þekkingarlega séð) og gera sér ekki grein fyrir verðmætunum sem í honum eru fólgin. Þarna getur efnahagsástandið skipt máli en á meðan góðæri er, m. a. hátt verð fyrir olíu þá hefur áherslan verið minni á umhirðu skóga.

Það er ekki nóg að fara til útlanda, sjá og skoða, hugsa og pæla, það þarf líka að framkvæma og þá þurfum við að hafa skýra sýn og setja okkur markmið. Þetta klassíska: Setja markmið, finna út hvaða leið er best til að ná markmiðinu, varða leiðina, meta stöðuna á fyrirfram ákveðnum punktum (og einnig ef eitthvað óvænt kemur upp), gera umbætur ef þarf, halda svo áfram að settu markmiði. Þetta er gangur lífsins.

Það er þó alltaf þannig að þó svo að við sem störfum við ráðgjöf, rannsóknir og þróun í skógargeiranum höfum vilja og skýra sýn þá er lykilatriði að frumkvæðið þarf að koma frá skógar-eigandanum. Það er jafnframt ráðgjafa og vísindamanna að benda á tækifærin. Gagnkvæmur stuðningur, samvinna og jákvæðni kemur okkur langt. Meginatriðið er hvað „okkur“ varðar snýr að faglegum hluta starfsemi Skógræktarinnar. Auðlindin er fjölþýtt skógrækt, ný atvinnugrein, aukin loftgæði, lýðheilsa o.s.frv.

Þá er eðlilegt að við spyrjum, hvað er í gangi hér? Leynast tækifærin víða? Jú, það er margt í gangi, bæði á „okkar“ stóra og smáa skala. Við megum ekki gleyma að hér á landi eru margir frumkvöðlar, líka í skógargeiranum. Sem dæmi má nefna að Guðmundur á Flúðum framleiðir viðarskífur, Hraundís á Rauðsgili framleiðir ilm-

kjarnaoliur úr barnálum og svona gæti ég talið áfram. Auk þess erum við svo heppin að geta selt grisjunarvið til Elkem á Grundartanga og væntanlega munu fleiri stóriðjur bæst í hóp iðnvíðarkaupenda.

Hvað getum við gert og hvað hefur verið gert síðustu misserin til að styðja við? Viðarmagnsúttektir eru gott dæmi um verkefni sem þarf að framkvæma til að við áttum okkur á umfangi auðlindarinnar. Ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir þá getur reynst okkur og skógarbændum erfitt að setja okkur markmið og gera raunhæfar áætlanir. Þarna spila einnig inn í stefnumótandi áætlanir.

Nú er sá tími að renna upp á Íslandi að viðfangsefni skógareigenda, meðfram umhirðuþáttum, verður úrvinnsla og markaðsmál. Ég held að flestir séu samála um nauðsyn þess að skógarbændur

búi sig hratt og vel undir tæknilegar hliðar umhirðu skóganna og ekki síður að félög skógarbænda og Landssamtök skógareigenda (LSE) undirbúi sig faglega til að geta stýrt skógarauðlindinni áfallalaust inn í framtíðina. Það er tækifæri núna, þegar LSE hafa fengið aðild að búvörusamningum. Skógræktin getur og á að koma að þessu starfi á næstu árum og áratugum og leiða saman hagsmunaaðila. Enn og aftur vil ég ítreka að þetta snýst um að skógareigendur sjálfir sýni frumkvæði, auk þess sem úrvinnslu- iðnaðurinn verður að vera til staðar. Það eru þeir þættir sem munu ráða úrslitum um hvort okkur tekst að gera skóginn að tekjuauðlind hér eins og hjá öðrum skógarþjóðum.



Landsvirkjun



Hafnarnes VER hf.

KPMG

Gæði og fagleg vinnubrögð

Veitum fyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði bókhalds, endurskoðunar, skattamála og ráðgjafar sem grundvallast á áreiðanleika og fagmennsku.

Viðarvinnslustöð á Víðivöllum Ytri 2 í Fljótsdal

Lárus Heiðarsson, Skógrækt ríkisins

Nýlega tók til starfa á Víðivöllum Ytri 2 í Fljótsdal viðarvinnslustöð sem fyrirtækið Skógarafurðir ehf. rekur. Eigendur eru Bjarki Jónsson og Kristín Gunnarsdóttir ásamt foreldrum Bjarka, þeim Jóni Ólafi Sigurðssyni og Ragnheiði Þórðardóttur. Jón Ólafur er ættaður frá Hrafnsgarði í Fellum. Áhuginn á því að flytja austur og hefja úrvinnslu á timbri kviknaði hjá Bjarka í sumarfríi 2014. Hann hafði unnið við grisjun í Hrafnsgarði í sumarfríinu, blöskraði að geta ekki komið þeim verðmætum sem til féllu við grisjunina í vinnslu á Héraði og sá mikil tækifæri í öllu því efni sem til féll. Í framhaldinu hófst leit að skógarjörð og í nóvember sama ár kaupa þau Víðivelli Ytri 2. Bjarki og Kristín flytja svo austur í janúar 2015 og Jón Ólafur og Ragnheiður í maí sama ár. Víðivelli Ytri 2 eru í Fljótsdalshreppi á Fljótsdalshéraði og þar hófst skógrækt árið 1970 með þátttöku í Fljótsdalsáætlun og síðar Héraðsskógum. Samningssvæðið er 230 hektarar og búið er að gróðursetja í um 90 hektara. Að auki eru um 60 hektarar af náttúrulegum birkiskógi ósamningsbundnir. Einnig hafa þau aðgang að efni úr Hrafnsgarði en þar er búið að gróðursetja í um 90 hektara. Stefnt er á að nota efni úr eigin skógi en einnig að kaupa efni af öðrum skógarbændum á svæðinu.



Efni sem biður flettingar.

Fyrstu verk nýrra landeigenda voru að standsetja útihúsin að utan og innan og breyta þeim í viðarvinnslustöð. Mikil vinna hefur farið í það og mun meiri tími en áætlaður var í verkið sem ekki er óalgengt við lagfæringar á gömlum byggingum. Ákveðið var ljúka að fullu öllum lagfæringum í vinnslusalnum í staðinn fyrir að vinna verkið í áföngum, en þannig þyrfti ekki að færa þung og stór tæki vegna frágangs. Lagt var nýtt rafmagn í húsin og einnig þurfti stærri heimaug því sagirnar nota talsvert rafmagn í startinu. Steypt var í gólf og málalad ásamt mörgum öðrum hlutum sem allt of langt mál yrði að telja upp.

Ákveðið var að flytja millilíðalaust inn tækin sem nota átti í vinnsluna og spara með því einhverjar fjárhæðir. Fyrstu tækin komu í hús fyrri hluta árs 2015 og var það kögglaþessa sem nýtir afskurð, sag og annað smáefni sem ekki nýtist í borð og plankar.



Hér má sjá vinnslustöðina fyrir og eftir breytingar.

Sú vél var keypt frá Þýskalandi og geta viðarköggglarnir bæði nýst sem undirburður og til kyndingar. Í framhaldinu komu 2 hjólsagir frá Kína, svokallaðar „multi ripsaw“. Önnur sögin kantar fletti-efnið og hin sagar bolinn niður í borð, þannig að hver trjábólur fer aðeins einu sinni í gegnum hverja vél sem sparar mikinn tíma. Einnig hefur verið keypt bandsög af gerðinni Norrwood Lumbermade 29 sem notuð verður í smærri verk og útiklæðningar ásamt fjórhliðarhefli sem er nútíma kílvel og ætluð í framleiðslu á panel, listum, gólfefni og annarri fullunninni vöru.

Til að þurrka fletti-efnið var keyptur gámur, hann einangraður og klæddur að utan. Í gámunum er síðan búnaður sem hitar efnið í 70-80 gráður og vifta sem sér um að halda loftinu á hreyfingu. Þessi búnaður notar um 10 kw af raforku sem er mjög góð nýting.



Þurrkgámurinn.



- Fínheflað pallaefni úr lerki, hvassar eða rúnnaðar brúnir eftir vali.
- Stafaparket úr lerki, afhendist fínheflað.
- Borðvið með berki af lerki, furu, greni og ösp í ýmsum þykktum, grófheflað.
- Birkieldiviður í opin eldstæði og blandaður eldiviður í lokuð eldstæði. Afhendist í 40 l pokum og 1 m3 stórsekkjum.
- Klæðningu bandsagaða 16mm með berki.
- Lerkikurl í 1 m3 stórsekkjum og 60 l pokum.
- Birkikurl í 1 m3 stórsekkjum og 60 l pokum.
- Sagköggla til undirburðar í 1 m3 stórsekkjum og 25 l pokum.

Síðan mun fyrirtækið bjóða upp á sérvinnslu og einnig gera tilboð í stærri verk. Mjög margt er hægt að gera með þeim tækjakosti sem kominn er upp og má sérstaklega benda á sérvinnslu á gömlum panel og listum ef verið er að gera upp gömul hús.

Samhliða öllu þessu er fyrirtækið að vinna að því að koma sér á framfæri. Unnið er að vefsíðu með slóðinni skogarafurdir.is og einnig er fyrirtækið á Facebook (Skógarafurðir ehf).

Þessa dagana er unnið að því hjá Skógarafurðum að saga í klæðningu utan á eina hlið nýbyggingar stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem verið er að reisa á lóð Háskóla Íslands. Þá fékk fyrirtækið skemmtilega pöntun frá leikskólanum í Neskaupstað en það efni á að nota í leiksvæði skólans. Síðan biðja hin árlegu störf skógarbóndans handan við hornið, girðingarvinna og gróðursetning, en stefnt er að því að gróðursetja um 50.000 plöntur í vor.

Hjólsagirnar.

Afskurður og annað afgangsefni sem notað er í viðarköggla er kurlað og forþurrkað með gamalli súgþurrkun sem var til staðar í hlöðunni. Síðan er byrjað að smíða nýjan þurkklefa fyrir eldivið og byggist hann upp á miklum blæstri eða um 20.000 m3/klst. og fer í ca 50-60° hita. Þessi klefi verður innan húss og varminn frá honum notaður til að kynda húsin, sem og nýtt þurkkhólf fyrir kurlað í viðarköggla.

Stefnan er að byggja upp lager smám saman og vera með sem fjölbreyttast vöruúrval. Reynt verður að hafa eftirfarandi vörur til á lager í einhverjum mæli:



 icepharma

Beitarskógrækt

Guðríður Baldvinsdóttir, Lóni, Kelduhverfi.



Drengur í skógi: Séð yfir ungan lerkiskóg í Garði. mynd GB.

Í júní 2015 var sett upp beitartílaun í nýskógræktarsvæði í Garði í Kelduhverfi. Beita skyldi sauðfé á ungan lerkiskóg yfir sumartímann, eða þann tíma sem sauðfé er yfirleitt í afrétti.

Fyrst var gróðursett í Garði við upphaf Norðurlandsskógaverkefnisins vorið 2001 og nánast árlega síðan. Svæðið sem um ræðir er mjög einsleitt, fremur rýrt mólendi í litlum halla, þar sem ríkjandi tegundir eru krækilyng, bláberjalyng, fjalldrapi og beityleng. Heildarstærð samningsbundins svæðis er 154 ha, en af því voru girtir af rúmlega 25 ha fyrir tilraunina vorið 2015, skipt í þrjú beitarrhólf. Nánast eingöngu rússalerki var í hólfunum, gróðursett á milli árána 2001 og 2006. Innan tilraunasvæðisins var meðalhæðin á lerkinu 145 cm, yfirhæðin 301 cm og meðalþéttleiki 2009 tré/ha. Lerkið var í öllum hæðarflokkum, alveg niður í 15 cm há tré og uppúr. Einnig var aðeins um gróðursetta ilmbjörk og sitkabastarð. Uppsetning tilraunarinnar var þannig að mismunandi beitarpungi var í hverju hólfa; léttbeitt, meðalbeitt og þungbeitt. Hólfín voru á milli 6,7 og 9,5 ha á stærð. Markmiðið var að hefja beittina um sama leiti og almennt væri sleppt fé í afrétt Keldhverfinga og ljúka henni rétt fyrir fyrstu göngur. Það voraði frekar seint og var kindunum sleppt í tilraunina 27.júní og teknar úr henni 10.sept. Kindurnar sem tóku þátt í tilrauninni voru allt einlembdar veturgamlar ær, allar komnar út af sömu ættmóðurinni í annan til fjórða lið. Tilgangurinn með því að nota skyldar kindur var að draga úr líkum á að einstaklingsmunur í plöntuvali hefði of afgerandi áhrif á niðurstöðurnar. Einnig var friðað viðmið

innan skógar og gróðurviðmið í afrétti, rétt vestan skógræktarsvæðis, þar sem var hefðbundin sumarbeitt sauðfjár Keldhverfinga.

Markmið beitartílaunarinnar er að rannsaka áhrif mismunandi beitarpunga sauðfjár á lifun trjána og vaxtarlag ásamt því að kanna áhrif á framleiðni skógarins og magn og samsetningu botngróðurs.

Beitarskemmdir á trjám voru metnar fjórum sinnum yfir beitartímann, fyrir upphaf beitar, eftir 25, 50 og 75 daga beit. Mælingar og mat á trjám var gert í upphafi og við lok beitartímans á vexti og vaxtarlagi. Mat á botngróðri var gert um leið og mat á beitarskemmdum. Til að fylgjast með velferð kindanna voru þær holdstigaðar við upphaf og lok beitartíma.

Beitarskemmdir voru metnar á 589 trjám innan mæliflata í beittu hólfunum. Við lok beitartímabils fundust 3 bitnar greinar og tveir stofnar með bitföllum. Skemmdir virtust hafa orðið fyrir slysi.

Gróðursett birki, sem ekki var hluti af tilrauninni, var með sjáanlegar miklar bitskemmdir strax við fyrstu mælingu eftir 25 daga beit sem jukust þegar á beitartímabilið leið, skemmdirnar voru áberandi mestar í þungbeitta hólfinu. Áhrif beitar á botngróður voru vel merkjanleg, marktækur munur var á beitarummerkjum milli allra meðferða nema á milli þungbeitta og meðalbeitta hólsins og á milli léttbeitta hólsins og afréttar.


Hér eru því komnar sterkar vísbendingar um að rússalerki sé ekki líklegt til að verða fyrir skemmdum vegna sauðfjárbeitar a.



Kindur og tré: Sauðfé og skógur geta átt samleið ef beit er stýrt á réttan hátt. Ljósmynd Svavar Halldórsson.



Úttekt eftir 75 daga beit. Mynd GB.



Sjónrænt mat á beitarummerkjum á botngróðri eftir 75 daga beit.

m. k. ekki meðan annað sé í boði, en að sjálfsögðu verður að hafa í huga að lykillinn er beitarstjórnun, því það er hægt að láta beitar-dýr éta hvað sem er ef óvarlega er farið. Það er þó nauðsynlegt að gera ítarlegri rannsóknir, til að sjá hvort áhrifin séu mismunandi eftir árstímum, hvort t. d. vor- eða haustbeit lúti öðrum lögmálum en sumarbeit.

Tilraunin verður endurtekin sumarið 2016 með öðrum fjöl-skylduhóp kinda og lokaniðurstöður birtar að því loknu.

Mikilvægt er að stunda frekari rannsóknir á áhrifum beitar á skóg, bæði eftir aldri hans og tegundasamsetningu. Niðurstöðurnar geta nýst bæði þeim sem áhuga hafa á ræktun sérstakra beitar-eða hagaskóga, en einnig þeim sem rækta skóga í öðrum tilgangi því staðreyndin er að sauðkindin hefur aðgang að stærstum hluta þess lands sem hentugt er til skógræktar og það er ekki líklegt til að breytast alveg á næstunni. Þekking á áhrifum beitar er ekki síð-ur mikilvæg en þekking á áhrifum mismunandi veðurfars, jarð-vegs og undirbúnings á skógrækt.

Tilraunin er hluti af mastersnámi höfundar við LBHÍ þar sem Bjarni Diðrik Sigurðsson prófessor og brautarstjóri við skógfræði og landgræðslubraut Lbhí er aðalleiðbeinandi og meðleiðbein-andi er Sigþrúður Jónsdóttir, beitarfræðingur sem er héraðsfull-trúi Landgræðslunnar á Suðurlandi. Fagráð í sauðfjárrækt styrkti girðingarframkvæmdir vegna tilraunarinnar en hún er einnig

unnin í samráði við Norðurlandsskóga.

Höfundur vill í lokin biðja þá bændur sem ekki hafa svarað spurningakönnun-inni sem var send skógarbændum sem jafnframt eru sauðfjárbændur, geri það sem allra fyrst. Þeir sem hafa týnt tengl-inum á könnunina eða kannast ekki við að hafa fengið póst um hana geta haft sambandi við höfund með því að senda póst á þetta netfang: gugga@lon2.is



VIÐ TÓKUM
ÁKVÖRÐUN:
AÐ VEITA BESTU
BANKAÞJÓNUSTU
Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Við tökum vel á móti þér í næsta
útibúi og á islandsbanki.is

islandsbanki.is
 Netspjall
 Sími 440 4000
 Facebook

Skjólbelti bera nafn með rentu

Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Birgir Magnússon, Bessastöðum



blautu landi, en viðjunni líður illa hjá okkur. Lágvaxnari viðitegundir standa sig allar vel hér. Fyrsta skjólbeltaskipulagið hljóðaði m.a. upp á blöndun á víði og trjám á þann hátt að þrjár plöntur af viðju, hreggstaðaviði eða brekkuviði voru settar í röð og ein planta af ösp, greni, birki, lerki eða reyni var sett sem fjórða planta í innri röð á skjólbelti. Slík blöndun kemur ekki vel út fyrir lerki, birki og greni, þau tré eru svo miklu hægvaðnari en víðirinn að það þarf endalaust að vera að klippa frá þeim og svo verður of þröngt um þau ef þau ná að stækka þar sem plöntunin í skjólbeltin er með meters millibili. Við höfum þó reynt hér heima við með ösp og reyni í blöndun með loðviði og strandaviði í innstu röð, það getur komið ágætlega út ef maður er

Í upphafi þessarar aldar höfum við skógrækt hér á Bessastöðum. Við gerðum samning við Norðurlandsskóga um 30 hektara skógræktarsvæði auk þess að taka allnokkurt svæði undir skjólbelti. Við settum fjórföld skjólbelti í skógræktinni, auk þess að setja tvöföld skjólbelti í beitastykkjum og túnum.

Þegar við endurvinnum tún, eða brjótum ný setjum við skjólbelti með a.m.k. einni hlið á þeim. Svæðið undir skjólbeltið fær skít og meðhöndlun eins og flagið undir túnið sjálft og svo er plantað með meters millibili í gegnum plastdúk. Fyrstu árin klippum við plönturnar til að þétta vöxtinn á þeim. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir alaskaviðinn að vera klipptur. Við höfum prófað í samstarfi við Norðurlandsskóga allmargar tegundir: alaskaviðirinn hefur valdið okkur vonbrigðum út af því hversu hætt honum er við að brotna niður við rót eftir 6-8 ár, við höfum reynt að leysa það með því að klippa hann vel niður á nokkurra ára fresti, en það er erfitt aðkoma því við alls staðar. Hans kostur er hins vegar hversu fljótvaðinn og veðurþolinn hann er. Jörfaviðir hefur hins vegar komið okkur skemmtilega á óvart. Hann hefur alla kosti alaskaviðisins og þann kost til viðbótar að hann brotnar ekki niður við rót, reyndar höfum við ekki reynt hann í ystu röð, þannig að við vitum ekki hvort hann er eins veðurþolinn og alaskaviðirinn. Hreggstaðaviðir stendur sig mjög vel hér, körfuviðir er líka skemmtilegur, sérstaklega í

duglegur að klippa frá þeim og halda viðinum lágum.

Skjólbeltin hafa mjög marga kosti og fáa ókosti. Fyrir það fyrsta þá fegra þau landslagið og auðga fuglalíf. Þau veita skepnum mikið skjól fyrir veðrum og áhrifasvæði þeirra til aukningar gróðurvaxtar er stórt. Þau safna í sig miklum snjó yfir veturinn og hefur það ekki stór áhrif á þau sjálf, þó það brotni ein og ein grein, þá gerir það ekki til. Fyrst höfðum við áhyggjur af að undan þeim myndi kala, en það hefur ekki verið mikið vandamál. Það er helst ef það gerir þýðukafla yfir veturinn og svo frost aftur, að jaðarinn svellar, en komi þýðukafla aftur, þá þiðnar það svell og nýtt myndast innar þannig að það er sjaldnast svell í langan tíma á hverjum stað. Ef





Það myndast kalrák við skjólbeltin, þá keyrum við með sáðvélina yfir þær um leið og við sáum í nýræktirnar þannig að það er ekki stór mál.

Hrossin og kýrnar nota skjólbeltin mikið. Kýrnar leggjast við skjólbeltin eftir beitarlotur og hrossin njóta þeirra mikið, sérstaklega í blautum haustveðrum, þá er gott skjól við þau.

Á vetrum getur oft orðið mjög skemmtilegt reiðfæri ofan á skóflunum við skjólbeltin. Þegar vegurinn er svellaður og glerharður er gott að geta farið út á harða fjaðrandi skaflana við skjólbeltin. Það er líka skemmtilegt tilbreyting fyrir knapa og hesta.

Það bráðvantar að fá reynslu á aðrar tegundir en alaskavíðinn til að standa áveðurs. Alaskavíðirinn er allt of vinnufrekur og endist ekki nógu vel, hins vegar væri jörfavíðirinn frábær kostur, ef hann þolir álagið að standa áveðurs, en við höfum bara prófað hann í annarri röð. Eins væri gaman að sjá hvort körfuvíðirinn þyldi að vera áveðurs, sérstaklega í blautara landi, eins og hann virðist þola vel hér.



Skógarganga

Félaga skógarbænda á Norðurlandi boðar til skógargöngu fimmtudaginn 30. júní 2016.

Gengið verður um Silfrastaðaskóg í Skagafirði. Naglasúpa verður í boði félagsins. Nánari tíma-setning verður auglýst síðar.

Stjórnin



Giant D254SW er samþjappað orkutróll. Lipur í þröngum svæðum og getur nánast lyft eigin þyngd.

Vél:	Kubota D902
	25 HP/17,5 kW
Lyftugeta:	1000 kg
Aksturshraði:	0-15 km
Breidd:	92 -110 cm

- Fjór hjóladrif
- Mikil lyftigeta miðað við stærð
- Aflmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 23x10.50-12 AS
- Vinnuljós að aftan og framan
- Þynging að aftan með dráttartengi

Hægt er að fá mikið úrval aukahluta



Giant D337T HD er aflmikil og með mikla lyftigetu miðað við stærð. Vélin er fjórhjóla drifin með "Heavy duty" öxla og sjálfvirkri mismunadrífs læsingu.

Vél:	Kubota D1105 T
	33 HP/24 kW
Lyftugeta:	1450 kg
Aksturshraði:	0-10 / 0 -25 km
Breidd:	104 -128 cm

- Hátt og lágt drif
- Ökuhraði allt að 25 km
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum
- Mikil lyftigeta
- Aflmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
- Niðurfellanlegt öryggishús
- Hátt og lágt drif
- Euro tækjafestingar
- Vinnuljós að aftan og framan
- 90 kg. þynging með dráttartengi

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni.

Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugum tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

- Sterkur - Öflugur - Léttur



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Falleg og vel hirt skjólbelti eru mikil staðarprýði

Ekki má heldur gleyma kolefnisbindingunni.

Sveinn Ingvarsson og Katrín Andrésdóttir, Reykjahlíð á Skeiðum



Abúendur í Reykjahlíð á Skeiðum eru Sveinn Ingvarsson líf-fræðingur og Katrín Andrésdóttir dýralæknir, börn þeirra eru Sigríður Sóley og Ingvar Hersir. Í Reykjahlíð er stunduð framleiðsla mjólkur og nautgripakjöts. Mjólkurkýrnar eru 75 - 80, yfirleitt eru um 200 nautgripir á bænum. Við eigum örfáar kindur og enn færri hross. Jörðin er ca 250 ha, tún og annað land í föðurframleiðslu ca 110 ha, kornrækt á 25 - 30 ha.

Í okkar sveit hefur skjólbeltarækt verið stunduð allengi, við vorum þó ekki í brautryðjendahópnum. Kveikjan að skjólbeltaræktun okkar var skelegg ráðgjöf og mikill áhugi Hörpu Dísar Harðardóttur sem vinnur hjá Suðurlandsskógum. Samtals höfum við plantað ca 7,5 km, megnið tvöföld blönduð beltí með ösp báðu megin en einnig líka einföld asparbeltí. Alaskaöspin hefur reynst okkur best, gæta verður þó þess að hirða hana vel í upphafi svo hún verði einstofna og bein. Krónumikil kvæmi (t.d. Keisari) eru öflugust. Alaskaviðirinn er fljótsprottinn og veitir gott skjól í upphafi en þarf mikla umhirðu og klippingu. Hreggstaðaviðir og Strandaviðir hafa ekki reynst okkur vel. Við höfum prófað ýmsar aðrar plöntur, ss kórufuði (þingviði) en hann er mjög maðksækinn og hentar því illa. Sólber og rífsber í sunnanverðum beltum skiluðu þó nokkru af berjum fyrstu árin en hurfu svo í skuggann af trjánnum.

Mikilvægt er að fylgja nákvæmlega leiðbeiningum um undirbúning og plöntun. Okkur hefur reynst sérlega vel að kakka eins miklum húsdýraáburði og mögulegt er í plögförin fyrir tætingu, þannig fá trjáplönturnar besta veganestið. Plastið verður að vera heilt og vel fergt, halda verður niðri illgresi meðan trjáplönturnar eru að ná sér á strik. Fyrstu beltin okkar voru í kring um beitar-túnin heima við. Við höfum síðan lagt áherslu á að planta umhverfis þau svæði þar sem aðalræktunin er. Kornræktunin er liður í endurræktun túna og því hluti þessara svæða.

Við tökum eftir því að gæsir og álftir sækja síður í kornakra

sem að einhverju leyti eru umluktir skjólbeltum. Okkur þykir trúlegt að ástæðan sé bæði sú að fuglarnir geti síður fylgst með náttúrlegum óvinum og að flugtak og landing sé erfiðari á svona svæðum. Næst beltunum er oft merkjanlegra betri uppskera en ekki hefur verið gerð nein vísindaleg úttekt á þeim þætti hjá okkur. Beltin hafa reynst vel sem skjól fyrir gripi í hrakviðrum og líka í sterkri sól. Þau bæta því velferð dýranna umtalsvert, ekki síst geldgripa sem ganga úti fram á

haust. Girða verður beltin svo gripirnir skemmi þau ekki. Nautgripir eru sólnir í að naga tré, geta valdið miklum skemmdum á skömmum tíma. Hross nota trén til að klóra sér og nudda, brjóta þannig greinar en skemma trén ekki mikið að öðru leyti meðan þau hafa næga beit. Núna fara fram rannsóknir á sauðfjárbæti í skógi, fróðlegt verður að sjá niðurstöður þessa.

Við búum við fjölfarna vegi en verðum lítið vör við umferðina, beltin dempa umhverfishljóðin. Beltakerfið dregur sömuleiðis umtalsvert úr vindi heima á hlaði, bæði sumar og vetur. Við gerum ráð fyrir að planta fleiri beltum í framtíðinni, sérstaklega vegna þess að nú er sonurinn kominn með áhuga á skógrækt og vill nýta möguleikana til landbóta.



ORKUVIRKI

*Virkjum
Ísland til
skógræktar*

ALP GÁK
BÍLAVERKSTÆÐI
RÉTTINGAR - SPRAUTUN

Líf mitt með trjánum

Helga Dóra Kristjánsdóttir, Tröð, Önundarfirði



Fjölskyldan í Tröð eftir velheppnaða gróðursetningartörn sumarið 2007.



Ég kynntist fyrst trjárækt á fullorðinsárum. Þegar ég flutti hingað í Tröð, þekkti ég ekki mun á víði og birki. Þetta voru fyrir mér bara mismunandi hríslur og með grænum laufum. En það átti heldur eftir að breytast.

Hér í Bjarnadalnum voru það konurnar sem voru fyrirmyndin í trjáræktinni á síðustu öld. Þær komu sér upp heimagörðum af elju og dugnaði og fengu aðra í lið með sér. Það var ekki fyrr en það eygði í að skógrækt gæti talist til búskaparhátta að karlmenn tóku forystuna í skógræktarmálum. Hér á árum áður kom hvatning frá ungmennafélagi, skógræktarfélagi og kvenfélagi til ræktunar. Jóhanna á Kirkjubólí var þar í forystu í öllum þeim félagskap. Hún fékk unglingana í lið með sér í trjálandi skógræktarfélagsins í Þverárgerði og kvenfélagið kom sér upp garði við Holt. Hríslurnar hennar Hönnu gleðja okkur því hér enn og komandi kynslóðir.

Við stofnun Skjólsskóga 1996 gerðumst við hjónin félagar þar og hófum sama ár að setja niður skjólbelti. Við gerðum tilraunir, mörg mistök og fleiri tilraunir. Á þriðja ári bar það loks árangur. Skógrækt er mikið langhlaup þar sem markið er órafjarri. Árið 1998 hófum við að gróðursetja trjáplöntur en um aldamót settum við kraft í skógræktina.

Við Ási eigum þrjú börn og þau hafa alist upp við ræktunina. Við höfum fundið að skógrækt er fjölskylduvæn, þar geta ungir og gamlir hjálpast að. Við tókum meira segja að okkur að gróðursetja hjá öðrum og fengum fleiri ungmenni til liðs við okkur. Það skapaði sumarvinnu fyrir unglingana.

Félagsskapur skógarbænda hefur bæði styrkt okkur félagslega og faglega. Um tíma miðaðist sumarfrí fjölskyldunnar við ferðir á aðalfundi LSE víðsvegar um landið. Þannig höfum við eignast marga góða kunningja í gegnum það starf. Það var líka gaman að fá að taka þátt í að móta unga atvinnugrein með því að hitta bændur og bera saman bækur sínar. Við tókum líka þátt í námskeiðsröðinni Grænni skógar, sem var vel heppnuð aðgerð til að uppfæra bændur og styrkja okkur félagslega.

Þegar ég lít til baka og skoða uppskeruna, get ég ekki annað en

glæst yfir því sem áunnist hefur. Fjölskyldan á farsælar minningar um erfiði, en ekki síst gleði við vinnu við gróðursetningar og heimsóknir um skóga landsins. Plöntur og tré gleðja augað hér í Tröð og skjólbeltin bylgjast fagurlega í vindinum. Ég nýt þess að fara í gönguferðir um skóginn í öllum árstíðum. Enn meira hlakka ég til að verða gamall skógarbóndi og staulast áfram með plöntustafinn með barnabörnunum, til þess eins að gróðursetja nú enn eitt tréð.



Aðalfundur Landssamtaka skógar eigenda

Verður haldinn 7. og 8. október 2016 í nýuppgerðu hóteli á Egilsstöðum – Hótel Valaskjálfr

Málþing verður haldið í tengslum við aðalfundinn með yfirskriftinni „Afurðamál í skógi“ ýmsir spennandi fyrirlestrar og kynningar varðandi nýtingu efnis úr skógi.

Ársfundur jólatrjáaráræktenda, skógarganga og árshátíð skógarbænda. Frekari upplýsingar á heimasíðu LSE, www.skogarbondi.is innan tíðar.

Skjólbelti framtíðar


Samson B. Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands



Vorið 2014 var gróðursett lítið sýnibelti fyrir utan starfsstöð Vesturlandsskóga á Hvanneyri. Þar ber að líta ýmsar tegundir sem gætu reynst vel í skjólbeltarækt s.s. elri, reynir, ösp, selja, toppar, garðakvistill, rifs, fjallarós, loðviðir og bersarunni.

Skipulögð skjólbeltarækt hefur verið stunduð á Íslandi í rúmlega hálfa öld og er gagnsemi skjólbelta vel þekkt. Megin-tilgangurinn er að koma upp góðu skjóli fyrir menn, dýr og plöntur og hefur alaskaviðir sem vex fljótt upp jafnvel við erfðustu aðstæður verið aðalskjólbeltaplantan. Skýrist það af því að hann er auðveldur í ræktun og fljótur að vaxa upp og veita skjól. Viðirinn er þó ekki gallalaus og nú má víða sjá gömul víðibelti sem eru úr sér vaxin, þar sem neðan og gegna þannig ekki hlutverki sínu sem skyldi. Það er því nauðsynlegt að skoða möguleika þess að nota aðrar tegundir sem endast betur, veita skjól alveg niður við jörð í bland við hávaxnari tegundir sem vaxa upp og veita skjól á stærra svæði.

Verkefnið Skjólbelti framtíðar gengur út á að finna bestu hentugu skjólbeltaplöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður og þróa heppilega samsetningu í uppbyggingu skjólbelta sem mynda sem mest vistvæna og sjálfbæra heild. Verkefni byggir á rannsóknum Yndisgróðurs sem hefur undanfarin átta ár unnið að því að safna harðgerum og nytisömum tegundum og yrkjum garð- og landslagsplantna. Yndisgróður er með sýni- og tilraunareiti á Reykjum, á Blönduósi, í Sandgerði, Laugardal í Reykjavík, Foss-



Til að skjólbelti skili sem bestum árangri er nauðsynlegt að beltin endist vel. Þau þurfa að haldast þétt að neðan þannig að ekki nái að trekkja undir þau en jafnframt verða þau að ná að vaxa nokkuð hratt upp því skjólbelti skýla stærra landssvæði eftir því sem þau eru hærri.

vogi í Kópavogi og á Hvanneyri og eru þeir opnir almenningi.

Markmið verkefnisins er að auka skjólbeltarækt með markvissara skipulagi og bættu plöntuvali og miðla þekkingu til bænda auk þess að byggja upp samstarf við hagsmunaaðila á borð við landshlutaverkefni í skógrækt og bændur.

Gerð hafa verið tilrauna og sýniskjóbelti á Hvanneyri og stendur til að koma upp slíkum beltum í sem flestum landshlutum í samvinnu við bændur og miðla þannig upplýsingum um tegundir og fyrirkomulag.


Skjólbeltarækt á Íslandi

Í skjólbeltarækt síðustu 15 árin hefur mest hefur verið notast við alaskaösp og ýmsar tegundir víðis. [sjá mynd af kökuritum]. Bæði alaskaösp og víðir koma fljótt til og gefa skjótan árangur en víðir hefur vissa galla sem flestir tengjast því að hann er frumherjategund. Allar víðitegundir eru sólelskar og þar af leiðandi drepast neðstu greinarnar vegna skuggavarpis en einnig vegna afráns skordýra. Þannig verða skjólbeltin ber að neðan og gegna ekki hlutverki sínu og geta jafnvel gert ógagn í verstu tilfellum. Auk þess endist víðir stutt í ræktun og þolir illa samkeppni um birtu og næringu frá öðrum gróðri. Stórvaxinn víðir í skjólbeltarækt hindrar jafnframt trjátegundir sem eiga að mynda meginskjólið í að vaxa upp úr víðinum nema að tryggt sé með klippingu að halda opnu fyrir þær en það getur verið mikil og erfið vinna. Mikill kostnaður og fyrirhöfn við að koma upp skjólbelti getur því orðið að litlum notum vegnar rangrar plöntunotkunar, uppbyggingar og umhirðu.

Hugmyndin að fyrirmyndarskjólbelti

Á 7. og 8. áratug síðustu aldar fóru Danir, sem höfðu glímt við álíka vandamál og við Íslendingar með endingarlítill og gísinn skjólbelti að þróa nýjar hugmyndir í skjólbeltarækt. Í hugmyndum að nýrri gerð skjólbelta var fyrst og fremst horft til náttúrulegra skógarjaðra og trjá- og runnabelta sem víða gat að líta í búsetu-landslaginu. Þar sáu menn að margar tegundir mynda eina heild þar sem tegundir bæta hvor aðra upp og ef ein tegund verður fyrir skaða fyllir önnur í skarðið. Meginmarkmiðið með nýrri gerð skjólbelta var að rækta belti sem sameinuðu skjótan vöxt og langan lífaldur. Skjólbeltin eiga að vera úr blöndu af langlífum, stórvöxnum aðaltrjám, hraðvaxta fósturtegundum trjáa og runna og langlífum, skuggþolnum og skuggavarpandi runnum sem blandað er saman í þriggja raða belti, eða í fjölraða belti á mjög vindasömum stöðum.

Heildstæð áætlun af þessu tagi hefur ekki verið unnin fyrir skjólbeltarækt á Íslandi en ýmis teikn eru á lofti varðandi aukinn áhuga á að nota fleiri tegundir trjáa og runna í skjólbeltum landsins. Enn ræður þó víðirinn ríkjum í skjólbeltaræktinni og mikilvægt er að stefna að mun meiri notkun runnategunda annarra en víðis, auk þess að nota meira af heppilegum, endingargóðum trjátegundum.



Mynd: Hlutfall víðis, annarra runnategunda og trjáa í skjólbeltum síðustu 15 árin.

Víðir hefur verið áberandi mest notaður í skjólbeltum, mest alaskavíðir en eitthvað hefur verið notað af körfuviði, gulvíði, hreggstadáviði og jörfavíði. Aðrar runnategundir hafa mjög lítið verið notaðar, þá mest sólber, örlitið af rífsi, toppum (blátoppur, glótoppur og glæsítóppur), rósir, sýrena og yllir. Af trjám er nokkuð notað af alaskaösp, aðrar tegundir eru birki, reynir, sitkagreni og gráelri. Á Suðurlandi er áberandi meiri fjölbreytni í notkun trjáa og runna. Notkun runna jókst lítillega fram til ársins 2008/2009 en hefur verulega dregið úr því á síðustu árum.

Dæmi um góðar trjátegundir fyrir skjólbelti, aðrar en ösp, eru alpareynir, gráelri, birki og selja. Stórvaxinn loðvíðir getur hentað vel sem fósturrunni fyrir aðrar tegundir og heppilegar tegundir runna gætu verið ýmsir toppar (glótoppur, glæsítóppur, blátóppur), rífs, sólber og fjallarífs. Þessir runnar sameina kosti þess að vera skuggþolnir og greina sig mikið alveg frá jörðu. Blómsælli og sólelskari runnar eins og garðakvistill, ígulrós, fjallarós og bersarunni henta vel í ystu röð skjólbelta og gera beltið fállegra.

Á heimasíðu Yndisgróðursmá lesa meira um verkefnið Skjólbelti framtíðar og skoða upplýsingar um vænlegar tegundir í skjólbeltarækt. Einnig hefur verið stofnaður umræðuhópur á Facebook undir nafninu „Skjólbelti framtíðar“ þar sem áhugasömum gefst tækifæri á að ræða og miðla upplýsingum um skjólbeltarækt.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum

verður haldinn á sunnanverðum

Vestfjörðum laugardaginn 18. júní.

Eftir aðalfund verður boðið í skógargöngu hjá næsta skógarbónda.

Nánari staðsetning og tímasetning verður auglýst síðar með tölvupósti.

Félag skógarbænda
á Vestfjörðum.

Hraðræktun jólatrjáa á ökrum – er það raunhæf ræktunaraðferð á Íslandi?

Else Möller, skógræðingur MSc, Akri, Vopnafirði



Rauðgreni á Hvanneyri sem var komið í góðan vöxt en varð síðan fyrir áfalli (Hvanneyri, júlí 2014).

Jólatrjáræktun á Íslandi getur verið ábatasöm aukabúgrein við skógræktina en spurning er hvornig á að fara að þessu? Hvaða ræktunaraðferðir henta best á Íslandi til að framleiða söluhæf jólatré á skilvirkan og sjálfbæran hátt?

Erlendis er akurræktun algeng ræktunaraðferð en þar er framleiðsluferlið vélvætt, skilvirkt og mjög vel skipulagt alla leið frá jarðvegsundirbúningi fyrir gróðursetningu til lokahöggs. Þessi aðferð virkar við fyrstu sýn áhugaverð og auðveld að aðlagja að íslenskum aðstæðum. Plægja upp tún, gróðursetja tegundir sem henta hér eins og rauðgreni, blágreni og stafafuru. Dreifa áburði nokkrum sinnum, bíða góða stund og fara svo út og höggva þegar jólin nálgast og trén eru tilbúin.

Reynslan hefur þó sýnt að akurræktun á Íslandi er ekki svo einföld. Reynsla af ákveðnum ræktunaraðferðum er mikilvæg og skiptir máli. Til að bæta við þekkingu og reynslu er nauðsynlegt að gera tilraunir með skýr markmið, ákveðna verkþætti, stefnu og tímaramma og síðan gera úttektir, mælingar, vigtun og meta trén ásamt því að vinna úr niðurstöðum á tölfraðilegan hátt. Með þeim hætti er hægt að svara rannsóknarspurningum og sýna fram

á að niðurstöður eru byggðar á vísindalegum grunni en ekki á tilfinningu eða ágiskun.

Til að kanna hvort hægt, arðbært og skynsamlegt væri að rækta jólatré á ökrum (í frjósömu landi) á Íslandi, var ákveðið að setja upp langtíma rannsóknaverkefni, byggt á vísindalegum grunni. Tilraunin var hönnuð til að geta svarað mismunandi spurningum s.s. um hvaða tegundir myndu henta best fyrir túnræktun og hvað mikinn áburð trén þurfi að fá til að ná bestu lifun og vexti. Tilraunin fór af stað á Hvanneyri 2009. Rúmlega 0,5 ha af frjósömu túni fór undir tilraunina og samtals 1890 plöntur, 630 af hverri tegund (rauðgreni, blágreni og stafafuru) voru gróðursettir í tilraunareitnum.

Verkefnið var lokaverkefni höfundarins í grunnnámi (BS) í skógræði við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) á Hvanneyri. Fyrstu niðurstöður voru birtar í ritgerðinni: „Hraðræktun jólatrjáa á ökrum – Lifun unglantna og áhrif mismunandi áburðarmeðferða“ og síðan kynntar í Skógræktarritinu 2. tbl. 2010.

Árið 2011 var bætt við tveimur tilraunastöðum, Krithóli í Skagafirði og Prestsbakkakoti á Síðu á Suðurlandi, til að auka umfang verkefnisins. Nýju tilraunirnar voru sambærilegar við tilraunina á Hvanneyri en aðeins minni, rúmlega 0,3 ha og samtals 1350 plöntur, 450 af hverri tegund. Niðurstöður frá úttektum á Hvanneyri, Krithóli og Prestsbakkakoti voru birtar í lokaritgerðinni í meistaranámi (MSc) höfundar við LBHÍ: „Hraðræktun jólatrjáa á ökrum – Áhrif mismunandi ræktunaraðferða á lifun og vöxt jólatrjáa á fyrstu vaxtarstigum“. Verkefninu hefur síðan verið fylgt eftir með úttektum árlega fram til 2015.

Ýmis vandamál komu upp í tilraununum eftir því sem árin liðu. Svipuð vandamál hafa dregið eldri gróðursetningar til dauða. Vandamálin voru til dæmis afleiðingar af þurrki (þurrkstress eftir áburðargjöf í þurrktið), vorfrost seint á vorin eftir að unglönturnar voru vaknaðar og /eða haustfrost áður en plönturnar voru lagstar í dvala með kal (1. mynd), sérstaklega toppkal sem afleiðingu.

Frostlyfting, skjólleysi og síðast en ekki síst samkeppnisgróðurinn olli miklum afföllum. Einnig voru almenn óhagsstæð vaxtaraskilyrði fyrir unglöntur sem leiddu til óásættanlega mikilla affalla á öllum stöðunum. Vandamál sem þessi er erfitt að koma í veg fyrir og þau gera akurræktun mjög erfiða í framkvæmd.

Á þessum tímapunkti, sex og fjórum árum eftir gróðursetningu, kom í ljós að afföllin voru orðin svo mikil, langt yfir 50% á öllum stöðum, þó mest á Suðurlandi (2. Mynd), að tilgangslaust var að halda áfram.

Þess vegna var ákveðið að leggja niður langtíma rannsóknaverkefnið, því það var ekki lengur hægt að fá svör við rannsóknarspurningunum sem leitað var svara við. Á mynd 3 eru sýndar niðurstöður frá Krithóli úr öllum úttektum frá 2011 til 2015 á lifun rauðgrenis, blágrenis og stafafuru. Krithóll var sú tilraunastað sem var með hæstu lifun af tilraununum þremur.

Vandamálin sem okkar tilraun lenti í eru allt vel þekkt vandamál erlendis en ræktendur þar hafa þróað ræktunaraðferðir við



Rauðgreni sem varð fyrir áfalli í Prestsbakkakoti vorið 2013.

akurræktun í áratugi. Þeir hafa þróað tæki og tól til að auðvelda og gera ræktunarferlið frá gróðursetningu til lokahöggs skilvirkara. Þeir hafa ræktað skjólbelti eða gróðursetja í skógarskápa. Þeir hafa eytt mörgum árum í að finna tegundir og kvæmi sem uppfylla kröfur og væntingar neytenda og sem henta við þeirra veðurfar og aðstæður. Erlendis er víða leyfilegt að nota plöntuvarnaefni eins og illgresiseyði og skordýraeitur, efni sem ekki eru leyfð á Íslandi.


Til að rækta jólatré á ökrum á skilvirkan og skynsaman hátt verðum við að læra hvernig við eigum að fara að þessu. Við verðum að þróa ræktunaraðferðir sem henta hérlandis og við verðum að setta okkar við að það tekur tíma að ná árangri. Það er ekki hægt að yfirfæra sömu ræktunaraðferðir og notaðar eru erlendis því forsendur hér eru ekki þær sömu, ekki ennþá allavega. Fyrst og fremst verður sá sem vill stunda akurræktun að byrja á að búa til gott skjól, leita að kvæmi/kvæmum sem henta hjá honum og ákveða hvernig baráttan við samkeppnisgróðurinn eigi að fara fram.

Það er kannski betri hugmynd að velja að gróðursetja jólatrén í útjörð, rýrari jarðveg og bæta lifun og vöxt með áburðargjöf og gróðursetja þétt eins og margir ræktendur hafa stundað í mörg ár. Bæta svo við smá aukavinnu við að klippa tvítoppa, formklippa,

klippa neðstu greinarnar, brumbrjóta og snyrta trén aðeins fyrir lokahögg til að bæta nýtingarhlutfallið og framleiða fleiri gæðatré. Jólatré eru þannig ræktuð á sjálfbæran hátt án efna sem hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

Niðurstöður langtíma rannsóknaverkefnisins „Hraðræktun jólatrjáa á ökrum“ sýndu skýrt að akurræktun er erfið og flókin ræktunaraðferð sem ekki hentar við íslenskar aðstæður eins og staðan er í dag. Það er því ekki hægt að mæla með að rækta jólatré á túnnum í miklu mæli.

Það er þó vel hægt að rækta jólatré á Íslandi og áhugi hjá neytendum fyrir jólatrjáum ræktuðum á Íslandi er á uppleið. Ég hvet því alla sem hafa gaman af ræktunarstörfum til að gróðursetja barrtré sem komandi jólatré. Að æfa sig, prófa sig áfram og ekki vera feimin við að gera mistök það getur hjálpað til við að ná árangri og þannig taka þátt í að þróa aðferð til að rækta jólatré sem henta við íslenskar aðstæður. Þessi ræktunaraðferð tekur kannski aðeins lengri tíma en spurning er hvort það skiptir máli. Hér er nóg pláss og það kemur alltaf meiri tími.



Hlutfallsleg lifun hjá rauðgreni, blágreni og stafafuru á Krithóli við úttektir frá 2012 til 2015. Lifun plantna 2015 var komin langt undir 50%.

Eiginleikar íslensks trjáviðar, þéttleiki og ending

Sævar Hreiðarsson skógarvörður í Heiðmörk og meistaranemi í skógfræði við LBHÍ



Rauðgreni í Haukadalsskógi með Bjarnarfell í baksýn. (Reitur 3031 - 0,32 ha, kvæmi: Leirfjörð, gróðursett 1961)

Eftirfarandi umfjöllun er stutt yfirlit úr rannsókn til meistara-prófs í skógfræði. Til skoðunar er viðarþéttleiki og ending fjögurra trjategunda í ræktun á Íslandi: Alskaösp, rauðgreni, stafafura og sitkagreni. Efniviður er sóttur í Haukadalsskóg í Biskupstungum.

Þéttleiki viðar (wood density)

Þéttleiki viðar er mikilvægur mælikvarði á eiginleika og styrk timburs. Margir þættir hafa áhrif á viðarvöxt, t.d. veðurfar, jarðvegsgerð, frjósemi, landslag og hæð yfir sjávarmáli. Á norðurhveli jarðar stýttist vaxtartími eftir því sem norðar dregur og hefur það áhrif á þéttleika og vaxtarmynstur. Rússneskt timbur er þekkt fyrir háan viðarþéttleika og góð gæði. Veðurfarsskilyrði í stórum hluta Rússlands veldur hægum vexti sem leiðir til grannra áhringja. Samkvæmt Evrópastöðlum á breidd áhringja í hágæða barrvið ekki að fara yfir 4 mm. Meðalbreidd áhringja í rússnesku timbri er á bilinu 1 til 1,3 mm. (Gilad Sperling; Gil Mishael 2015). Áhringir trjáa sem fara í vetrardvala byrja hvert vaxtarár á að mynda opnar frumur með þunna vegg sem kallast vorviður. Seinni hluta vaxtartímans myndast frumur með þykkari vegg sem kallast sumarviður. Þéttur viður hefur hátt hlutfall sumarviðarins á rúmmálseiningu, t.d. grömm á rúmsentimetra (g/cm^3) eða kíló á rúmmetra (kg/m^3). Balsatré sem dæmi, gefur léttan við sem vegur aðeins um 170 kg/m^3 -og járntré (*Lignum vitae*) vegur yfir 1200 kg/m^3 (sekkur í vatni). Þéttleiki barrviðar er á bilinu 0,30 til 0,70 g/cm^3 (einn rúmmetri 300-700 kg).

Ending náttúrulegs trjáviðar (óvarinn)

Ending viðar með snertingu við jörð er breytileg eftir trjategund og háð umhverfisaðstæðum á hverjum stað. Til að meta endingu fjögurra algengra trjategunda á Íslandi var sett út stöðluð pinna-tilraun (stake test) í Esjuhlíðum (EN 252: 1989). Trépinnar (2,5*2,5*500cm) úr kjarna og rysju eru reknir í jörð til hálfs, sjá mynd 2



Pinna-tilraun í Esjuhlíðum, rannsókn á endingu ómeðhöndlaðs trjáviðar með snertingu við jörð

og 3. Rysja er ytri viður bolsins með lifandi frumur sem leiða vatn og næringu frá rótum trésins. Kjarni er innri viður bolsins með dauðar frumur sem innihalda kvoðu og önnur efni sem m.a. auka móttöðu gagnvart fúasveppum. Ending er metin út frá þyngdar-tapi og tímalengd þar til pinnar eru fúnir í gegn (EN 350-2: 1994).

Viðarþéttleiki

Alaskaaspirnar í Haukadal vega að meðaltali um 0,43 g/cm^3 , sem er hærra en viðmið frá N.V. Ameríku 0,37 g/cm^3 (S.S. Niemiec 1995). Viðarþéttleiki aspar í tilraunaskóginum að Espi-holti í Rangárþingi er um 0,47 g/cm^3 (Bjarni D. Sigurdsson 2001).

Rauðgreni í Haukadal vegur um 0,33 g/cm^3 en um 0,36 g/cm^3 í dreifðri úttekt í annarri rannsókn (Stefán Freyr Einarsson 2004). Í Finnlandi er viðmið um 0,38 g/cm^3 en lægri þéttleiki mælist í trjám sem vaxa á yfirgefnum akurlendi í Svíþjóð og í Ölpum Ítalíu 0,31 og 0,32 g/cm^3 (Johansson T 1999, Romagnoli M 2003).



Greinarhöfundur við mælingar og sýnatöku í Haukadal

Stafafura í Haukadal vegur um 0,38 g/cm³ sem er nálægt viðmiðum frá Írlandi, Bandaríkjunum og Kanada 0,37 til 0,41 g/cm³ (Evertsen 1988, Lutes 2013) (Forintek 2006)

Sitkagreni í Haukadal vegur um 0,33 g/cm³ en viðmið frá Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum 0,35 til 0,45 g/cm³. Sitka-



Þversnið sem sýnir misstóra áhringi stafafuru til vinstri og sitkagrenis til hægri. Vorviður ljóslitur en sumarviður dökkleitur. (Sýni SF8A1 0,30 m frá rót og SG4B1 4,5m frá rót).

grenið í Haukadal frá 1961 var 15 ár að ná brjóstthæð en mælist samt með árlegan vöxt upp á 6,79m³ á hektara. Til samanburðar er vöxtur rauðgrenis á sömu breiddargráðu í Svíþjóð um 3 til 4 m³ á hektara (munnleg heimild B.D.S.). Þéttleiki barrviðar hefur neikvæða fylgni við aukinn þvermálsvöxt og góður vöxtur getur skýrt lágan þéttleika.

Ending

Allar tegundir sýna marktækt betri endingu pinna úr kjarnavið umfram rysjuvið. Þyngdartap Alaskaaspar eftir 3 ár er um 22% (kjarni) og 24% (rysja) sem gefur vísbendingu um að öspin dugi varla lengur en 5 ár við snertingu við jörð. Barrtegundirnar sitkagreni, rauðgreni og stafafura eru með ca 9% þyngdartap í kjarna og um 11 til 12% í rysjusýnum og munu líklega endast óvarin í 10 til 15 ár. Af þeim trjátegundum sem ræktaðar eru hér á landi hefur kjarnaviður lerkis mesta mótstöðu gegn fúa. Hægt er að nýta aðrar tegundir óvarðar til skemmri tíma og mögulegt er að lengja líftímann með notkun fúavarnarefna.

Miðað við afurð frá fyrstu kynslóð trjáa í nýjum heimkynnum þá lofa niðurstöðurnar góðu. Það myndast yfirleitt þéttari viður eftir sem tréð eldist og þegar trén hafa náð fullum þroska verður heildar þéttleikinn hærri. Þessi rannsókn er sú fyrsta á viðarþéttleika sitkagrenis og stafafuru á Íslandi og væri áhugavert að gera fleiri mælingar og skoða mun á milli kvæma og landshluta. Við lok vaxtarlotu eru góðar líkur á að hluti efnisins gæti gagnast sem byggingaviður og jafnvel sem burðarvirki. Með fenginni reynslu og fleiri hagnýtum rannsóknum er hægt að stuðla að auknum viðargæðum. Með auknum viðarnytjum má lækka kolefnisspor vegna innflutnings á viðarafurðum. Innflutningur á söguðum trjávið o.þ.h. (vöruflokkur nr. 248) árið 2014 var um 35.þúsund tonn og skráð Cif verð var um 3 milljarðar (Hagstofan 2014). Sjóflutningur á viðarafurðum til landsins er um 68% af heildar kolefnisspori innflutts timburs. Samkvæmt útreikningum Kenneths Breiðfjörðs (2011) losa fragtskip frá 1,1 til 1,3 kg af koltvísýrings (CO₂) á hvert kg af timbri og er árleg losun miðað við innflutning 2014 yfir 40.000 tonn af CO₂

Heimildir

Bjarni D. Sigurdsson, H. T., Sune Linder, (2001). „Growth and dry-matter partitioning of young *Populus trichocarpa* in response to carbon dioxide concentration and mineral nutrient availability.“ *Tree Physiology* 21: 941-950.

Evertsen, J. A. (1988). „Potential End-Use Applications of Lodgepole Pine in Ireland.“ *IRISH FORESTRY*, 45 (1): 35-54.

Forintek (2006). Lodgepole Pine. FPInnovations. 570 Saint-Jean Blvd Pointe-Claire (QC), Canadian Forest Service Publications.

Hagstofa Íslands sótt 27. nóvember 2014.

Johansson T (1999). „Biomass production of Norway spruce (*Picea abies* (L.) Karst.) growing on abandoned farmland.“ *Silva Fenn.* 33: 19.

Lutes, D. C. H., Colin C. (2013). „Lodgepole pine bole wood density 1 and 11 years after felling in central Montana.“ *Western Journal of Applied Forestry* 28(3): 4.

Romagnoli M, B. M. C. G. (2003). „Density variations in spruce wood with indented rings (*Picea abies* Karst.).“ *Holz als Roh- und Werkstoff* 61: 2.

S.S. Niemiec, G. R. A., S. Willits, and D.E. Hibbs. (1995). *Hardwoods of the Pacific Northwest*. Corvallis, Oregon, Oregon State University. Forest Research Laboratory.

Stefán Freyr Einarsson, B. D. S. o. A. S. (2004). „Estimating aboveground biomass for Norway spruce (*Picea abies*) in Iceland.“ Búvísindi.

Girðingaþjónusta Suðurlands

*Viðhald – Nýgirðingar- Rafgirðingar – Netgirðingar
Góð girðing er bæjarprýði
Girðingaþjónusta Suðurlands
Læk Ölfusi - 868-5866*

Frá skógi til fiskafóðurs

Nýjar leiðir til framleiðslu fiskafóðurs úr úrgangsstraumum timburverksmiðja
Fagrðstefna skógræktar 2016 Patreksfirði

Birgir Örn Smárason

Á Norðurlöndunum er skógur mikil lífræn auðlind sem skilar ýmskonar vörum og efnum sem eru okkur mikilvæg, eins og til dæmis pappír og sellulósa. Við framleiðsluna fellur til töluvert magn af hliðarafurðum sem hafa verið nýttar að nokkru leiti í lífgasframleiðslu eða einfaldlega urðaðar.

Ör vöxtur fiskeldis kallar eftir sjálfbærari próteinframleiðslu í fóður, en á Norðurlöndunum má almennt segja að um helmingur af próteinþörf fiskisins sé flutt inn frá Suður-Ameríku. Hinn helmingurinn kemur úr fiskmjöli. Rannsóknir Matís undanfarin ár hafa sýnt að nýting lífrænna hliðarstrauma í fóðurgerð mun spila stórt hlutverk í framtíðinni og að við þurfum nauðsynlega að finna nýjar leiðir til próteinframleiðslu.

Matís vakti athygli á þessum rannsóknum nýverið, og þeirri staðreynd að eftirspurn eftir fiskmeti eykst stöðugt í heiminum. Auka verður framboðið á eldisfiski til að mæta aukinni eftirspurn og minnka álag á fiskistofna sem sögulega hafa verið nýttir til fiskimjölframleiðslu, en nýting uppsjávarfisks til slíkrar framleiðslu er gagnrýnd á sama tíma og hann er nýttur til manneldis í auknum mæli. Fiskimjöl er enn ríkjandi próteingjafi í fiskafóðri en framleiðslan dregst saman af fyrrnefndum ástæðum.

Eitt af því sem rannsakað hefur verið er að rækta örverur á úrgangsstraumum timburverksmiðja sem umbreyta hemi-sellulósa í hágæða prótein, en Matís hefur á síðustu árum náð góðum árangri í samstarfi við sænska nýsköpunarfyrirtækið SP Processum við að þróa fiskafóður úr þessari aukaafurð. Þessi nýja tegund sem unnin er úr timburafurðum gæti í fyllingu tímans skipt miklu máli ef rækta má tré og vinna úr þeim hráefni í fiskafóður og gæti það dregið úr umhverfisálagi vegna fiskeldis í heiminum.

Um er að ræða aðferð til að nýta sellulósa, eða hemi-sellulósa, fjölsykrur sem eru hluti af næringarefnum meðal annars í timbri. Þegar er efnið nýtt til lyfjaframleiðslu, til fatagerðar, í steypu og framleiðslu á etanóli. Í mjög einfaldaðri mynd eru niðurbrotssýkrur sem eftir verða notaðar sem orkugjafi fyrir ger- eða myglusveppi. Með gerjuninni fæst einfrumungur sem nota má sem prótein hráefni við framleiðslu á fiskafóðri. Massinn er þurrkaður og blandað við önnur hráefni svo úr verði fiskeldisfóður. Þetta fóður hefur verið reynt í tilalíueldi með góðum árangri og er nú verið að þróa fóður fyrir bleikjueldi. Miðað við það magn sem fellur til í timburiðnaðinum á Norðurlöndunum mætti skjóta á að hægt væri framleiða um 500.000

tonn af einfrumupróteini á ári. Samkvæmt rannsóknum Matís inniheldur þessi afurð svipað eða hærra magn próteina en innfluttur soja afurðir.

Ljóst er að næsta kynslóð fóðurs eða próteins mun koma úr auknum mæli frá aukaafurðum eða hliðarafurðum sem falla til við margskonar matvælavinnslu eða almennt úr vinnslu lífrænna efna. Lífrænan úrgang, sem höfundur kysir að kalla lífrænt efni eða bíomassa, verður að endurskilgreina og nýta í auknum mæli til þess að minnka soun, auka virði og koma næringarefnum aftur í hringrás. Miðað við vöxt íslenskra skóga og nýtingu þeirra, gætu þeir spilað hlutverk í þessari hringrás í framtíðinni.



JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Skógarvörur

Product Name	Size	Price (kr)	Price (m. vsk)
KEDJUSAGARJAKKI	STÆRDIR: 46-62	18.251	m. vsk
KEDJUSAGARREGNSTAKKUR	STÆRDIR: S/M/L & XL/XXL/XXXL	10.719	m. vsk
KEDJUSAGARSTÍGVEL	STÆRDIR: 39-47	20.435	m. vsk
KEDJUSAGARBOXUR	STÆRDIR: 46-64	22.304	m. vsk
KEDJUSAGARREGNBUXUR	SMEKKBUXUR - STÆRDIR: S/M/L & XL/XXL/XXXL	10.719	m. vsk
KEDJUSAGARSKÓR	STÆRDIR: 40-47	44.881	m. vsk

Skógarbændur – hverjir eru þeir?

Lilja Magnúsdóttir, skógarbóndi að Kvígindisfelli, Tálknafirði og skógfræðingur MSc.

Skógrækt á bújörðum hófst með tilkomu Fljótsdalsáætlunar árið 1970 þegar fyrstu skógarplönturnar voru gróðursettar á Viðivöllum ytri á Fljótsdalshéraði. Síðan jókst þátttaka bændna í skógrækt jafnt og þétt og með tilkomu Héraðsskóga 1991 var lagður grunnur að starfsemi landshlutaverkefna í skógrækt (LHV) sem urðu fimm talsins og eru starfandi um allt land.


Bændur gera samning við sitt landshlutaverkefni um það land þar sem þeir vilja rækta skóg og síðan greiðir ríkið allt að 97% kostnaðar við skógræktina gegnum LHV. Bóndinn greiðir 3% af kostnaðinum auk þess sem hann skuldbindur sig til að halda þennan skóg í að minnsta kosti 40 ár. Gagnrýniraddir á þetta fyrirkomulag hafa meðal annars bent á að verið sé að taka land undir skógrækt sem gæti nýst til ræktunar eða beitar og að landeigendur sem ekki búa í sveitunum séu að leggja jarðir undir skóg. LHV hafa ekki heimild til að gera upp á milli landeigenda uppfalli þeir þau skilyrði sem sett eru um þátttöku í skógrækt af hálfu LHV.

Þegar höfundur þessarar greinar vann að meistaraverkefni sínu um atvinnuuppbyggingu í skógrækt var gerð spurningakönnun meðal skógarbændna með virkan samning við LHV. Könnunin var gerð í árslok 2011 og með henni gafst gott tækifæri til að komast að því hverjir það væru sem stunduðu skógrækt með fjárstuðningi ríkisins í gegnum LHV. Frumniðurstöður þessarar könnunar voru kynntar á ráðstefnu í tengslum við aðalfund LSE á Ísafirði haustið 2012 en niðurstöðurnar hafa ekki birst áður á prenti. Í meistararitgerð höfundar, „Hagræn áhrif skógræktar, árangur í atvinnuuppbyggingu á vegum landshlutaverkefna í skógrækt“, var fjallað um svör við þeim spurningum sem sneru að vinnu skógarbændna við skóginn sinn og því verður ekki farið yfir þau svör hér en vísað á ritgerðina sem finna má á www.skemman.is. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu svörum í þessari könnun og reynt að svara spurningunni um hverjir séu skógarbændur á Íslandi.

Könnunin var send út í tölvupósti í samstarfi við öll landshlutaverkefnin fimm í febrúar 2012. Hún var einnig send í bréfapósti til þeirra skógarbændna sem ekki voru skráðir með netfang hjá LHV þannig að alls fengu 516 skógarbændur könnunina. Á spurningalistanum voru 25 spurningar. Spurt var um samning, búsetu, búskap, skógrækt og vinnuframlag við búskap og skógrækt auk þess sem spurt var um hefðbundnar bakgrunnsbreytur svo sem aldur, kyn, menntun og tekjur til að auðvelda greiningu svarenda. Alls bárust 237 svör eða 45,9% og svarhlutfall flestra spurninganna var á bilinu 80-95%. Skipting svarenda milli verkefnanna fimm var nokkuð jöfn og í góðu samræmi við hlutfall hvers verkefnis af heildarfjölda útsendra lista. Því er ljóst að svörin í könnuninni gefa nokkuð rétta mynd af skógarbændum með gilda samninga við LHV í árslok 2011 og stöðu þeirra hvað varðar búsetu, búskap, aldur og önnur þau atriði sem spurt var um vorið 2012.

Þegar spurt var hvers konar skógrækt væri stunduð á skógarjörðinni reyndust 52% þeirra sem svöruðu vera með samning um bæði skógrækt og skjólbeltarékt en 48% með skógrækt eingöngu. Flestir höfðu gert samning um skógrækt á jörðum sínum á árunum 2001-2005 eða 45% en 21% hafði gert samning annars vegar á árunum 1996-2000 og hins vegar á árunum 2006-2010 en tæp 13% voru með eldri samninga, allt frá árinu 1983.

Þegar gerður var samningur við LHV var tæpur helmingur jarðanna skóglaus en á hinum helmingnum var ýmist náttúrulegt birki




Mynd 1. Skipting skógarbændna eftir búskaparháttum, eingöngu skógarbændur (dökkblátt), skógarbændur með sauðfé, kúr, hross, ferðapjónustu eða aðrar búgreinar (rautt), skógarbændur með kúr og aðrar búgreinar nema sauðfé (grænt) og skógarbændur með hross en ekki kúr eða sauðfé (fjólublátt). Aðrar búgreinar voru ræktun svo sem á korni, kartöflum eða grasi til heyverkunar, æðarvarp, laxveiði eða iðnaður/verktaka svo dæmi séu nefnd (ljósblái og appelsínugulí).

eða eldri ræktaður skógur. Um 20% þeirra jarða þar sem skógur óx við samningsgerð höfðu verið áður í bændaskógrækt en á um helmingnum höfðu landeigendur sjálfir gróðursett skóg án samninga. Á um 25% jarðanna óx náttúrulegt birki og 3% þeirra jarðeigenda gerðu samning um að friða birkið þegar samningur var gerður við LHV. Þegar stærð samningsbundins lands til skógræktar er skoðuð eru flestir samningarnir um skógrækt á 0-50 ha eða 47% samninga, 25% samninga eru um ræktun á 51-100 ha, 21% samninga gerir ráð fyrir skógrækt á 101-200 ha og um 7% samninga eru um skógrækt á yfir 200 ha lands. Skráðir samningsaðilar við LHV voru flestir hjón eða sambúðarfolk eða 35%, karlar voru 31% samningsaðila, konur voru 11%, fleiri einstaklingar voru 6%, fyrirtæki 10% og félög 6%. Karlar sem svöruðu spurningakönnuninni voru 66% svarenda en konur 34%.

Einnig var spurt um búsetu skógarbændna og hvort hún hefði breyst vegna skógræktarinnar. Skógarbændur bjuggu flestir á skógarjörð sinni eða um 63%. Í sama sveitarfélagi og skógarjörðin var bjuggu 12%, í sömu sýslu og í sama landsfjórðungi og skógarjörðin var bjuggu samtals 12% en 13% skógarbændna bjuggu annars staðar. Búseta hélst óbreytt hjá 74% skógarbændna þegar þeir gerðu samning um skógrækt, 7% þeirra fluttu á skógarjörðina og 1% hætti við að flytja burt þegar gerður var samningur um skógrækt á jörð þeirra. Engin búseta var á 15% jarðanna, hvorki fyrir né eftir gerð samninga og 3% gáfu aðrar skýringar.

Þegar spurt var um búskap skógarbændna annan en skógræktina kom í ljós að 62% skógarbændna voru jafnframt með annan búskap samhliða skógræktinni (mynd 1) en 38% skógarbændna bjuggu eingöngu með skógrækt (mynd 1).



Mynd 2. Aldursdreifing skógarbænda árið 2012.

Margir skógarbændur eða maki þeirra unnu utan heimilis, bæði hlutastörf og fullt starf. Alls unnu 17% skógarbænda eingöngu fullt starf við búskapinn, 33% svarenda eða makar þeirra unnu fullt starf utan búsis, 14% svarenda sögðu bæði hjónin vinna fulla vinnu utan heimilis og 15% unnu hlutastarf utan búsis, ýmist annað hjónanna eða bæði. Þeir sem voru hættir störfum voru 21% svarenda.

Skógarbændur voru á öllum aldri eða frá 25 ára aldri til 97 ára miðað við árið 2012 (mynd 2) en dreifing aldurs var nokkuð jöfn miðað við normalkúrfu dreifingar (mynd 2).

Þegar spurt var um nám skógarbænda kom í ljós að um 30% þeirra höfðu lokið einhvers konar iðnnámi, starfsnámi eða búfræðinámi sem efstu námsgráðu, 18% skógarbænda voru með grunnnám í háskóla sem lokanámsgráðu og 20% skógarbænda höfðu lokið framhaldsnámi í háskóla. Skógarbændur með grunnskólapróf og stúdentspróf voru 13% og 13% höfðu lokið einhverju öðru námi auk þess sem 6% nefndu nám í Grænni skógum sem lokanámsgráðu. Þegar nám í námskeiðaröðinni Grænni skógar

var skoðað sérstaklega höfðu 22% skógarbænda lokið því námi árið 2012. Þegar tekjur skógarbænda voru skoðaðar vildu 18% ekki gefa upp tekjur sínar en 53% skógarbænda voru með tekjur um 400.000 kr og lægri á mánuði að meðaltali árið 2011 sem var viðmiðunarár í spurningunni. Af þeim sem svöruðu voru 26% með tekjur á bilinu 401.000 kr og upp í 900.000 kr og 3% voru með hærri tekjur en 900.000 kr á mánuði að meðaltali árið 2011.

Í þessari könnun var einnig spurt um viðhorf skógarbænda til starfsemi landshlutaverkefnanna, mikilvægi þeirra, taxta og þjónustu. Í ljós kom að 65% skógarbænda töldu starfsemi LHV skipta miklu eða mjög miklu máli fyrir byggða- og atvinnuþróun í viðkomandi landsfjórðungi, 17% töldu að starfsemin skipti hvorki miklu né litlu máli og 18% töldu að starfsemin skipti litlu eða engu máli. Þegar spurt var um skoðun bænda á þjónustu LHV voru 83% ánægð eða mjög ánægð með þjónustu starfsmanna LHV, 11% voru hvorki ánægð né óánægð en 6% voru ónægð eða mjög óánægð með þjónustu LHV. Þegar spurt var hvort samræma ætti taxta sem greitt er eftir í skógrækt voru 59% á því, 2% sögðu nei en 39% höfðu ekki skoðun. Þessi vitneskja er mikilvæg þegar unnið er að sameiningu skógræktarstofnana í eina stofnun og gott veganesti fyrir starfsmenn nýrrar stofnunar til framtíðar.

Íslenskir skógarbændur búa flestir á skógarjörðum sínum eða í næsta nágrenni við þær, stunda annan búskap samhliða skógræktinni ásamt því að margir þeirra, makar eða jafnvel báðir aðilar vinna utan heimilis, hlutastörf eða fulla vinnu. Flestir skógarbænda eru vel menntaðir og flestir á aldrinum 50 til 70 ára gamlir.

Höfundur þakkar öllum þeim skógarbændum sem svöruðu könnuninni og lögðu þannig sitt af mörkum til aukinnar þekkingar á skógrækt á Íslandi. Einnig fá allir starfsmenn LHV og Skógræktar ríkisins sem aðstoðuðu við yfirlestur og útsendingu á könnuninni, auk allra þeirra sem gáfu mér góð ráð, ábendingar og hvatningu í veganesti við framkvæmd könnunarinnar, ómældar þakkir fyrir. Skógrækt á Íslandi á mikla framtíð fyrir sér með allan þennan stóra hóp sem starfar að skógrækt um allt land. Gangi okkur öllum sem best í framtíðinni.



Frá Félagi skógarbænda á Vesturlandi

Félag skógarbænda á Vesturlandi var stofnað þann 23. júní 1997. Hefð er að félagsmenn hittist þennan dag hjá einhverjum skógarbónda innan félagsins og skoði skógræktina hjá honum. Eftir skógargöngu er boðið uppá veitingar, söngbókin og gítar er oftast með og menn taka lagið og eiga góða stund saman.

Nú í ár hefur Stefán Teitsson skógarbóndi á Hafnarseli boðið í heimsókn. Hafnarsel er nýbýli byggt úr landi Hafnar í Melasveit. Jörðin er á Hafnarmelum og liggur undir hliðum Hafnarfjalls. Stefán hefur verið þátttakandi í Vesturlandsskógum frá árinu 2003 og er búinn að gróðursetja 113.644 plöntur. Þarna hefur Stefán náð ágætum árangri í skógrækt þrátt fyrir erfið skilyrði.

Sumarferð FsV

Fyrirhugað er að Félag skógarbænda á Vesturlandi heimsækja skógarbændur á Vestfjörðum daganna 5-7. ágúst n.k. Byrjað verður að fara til Bjarnarfjarðar á Ströndum og skógarbændur þar heimsóttir. Gisting verður á Hótelinu á Reykjanesi. Síðan verður ekið um Djúp til Önnundarfjarðar og Dýrafjarðar í heimsókn til skógarbænda þar. Gist verður á Núpi í Dýrafirði. Á sunnudag verður komið við hjá skógarbændum í Tálknafirði og síðan ekið sem leið liggur um Barðastönd og heim.

Ferðaplan liggur ekki endanlega fyrir en unnið er með með starfsmönnum Skjól-skóga og Félagi skógarbænda á Vestfjörðum um frekari skipulagningu ferðarinnar.

Frá Félagi skógareigenda á Suðurlandi

Jónsmessugangan, 24. júní, kl. 20.00

Árleg Jónsmessuganga verður að þessu sinni um skóglendi Ásgerðis í Hrunamannahreppi, þar sem búa skógarbændurnir, Guðrún Guðmundsdóttir og Sigurður Jónsson.

Jónsmessan ber upp á föstudaginn 24. júní og verður hist að venju um kl. 20.00.

Gengið verður um skóglendi Ásgerðis undir leiðsögn Sigurðar skógarbónða og er miðað við að gangan verði hæfilega löng og einnig þægileg fyrir sem flesta.

Það verður áhugavert að heyra sögu þeirra hjóna um samleið þeirra með trjáum frá unga aldri til gjafvaxta nytjaviðar.

Að lokinni göngu verður hist við grillið og notið góðra veitinga í veðurbliðunni, sem ávallt fylgir þessari samverustund skógarbændna á Suðurlandi.

Að venju mæta skógarbændur gjarnan með áhugasama fjölskyldumeðlimi og er þarna gott tækifæri til að kynna ungvíðinu hversu áhugavert og skemmtilegt það er að vera skógarbóndi.

Það verður gaman að sjá sem flesta í Ásgerði, þann 24. júní.

María E. Ingvadóttir,
formaður FsS.



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS



Áhugavert og fjölbreytt nám í garðyrkju og skógrækt – sendu umsókn núna

Björgvin Eggertsson

Innan Landbúnaðarháskóla Íslands eru tvö skólastig, háskólanám og starfsmenntanám. Háskólanámið og kennsla í búfræði fer fram á Hvanneyri og garðyrkjunámið fer fram við Garðyrkjuskólann á Reykjum. Starfsmenntanámið er á framhaldsskólastigi og er fjórar annir og 60 vikur í verknámi. Á Reykjum er boðið upp á eftirtaldir brautir: Garð- og skógarplöntubraut, Lífræna ræktun matjurta, Ylræktarbraut, Blómaskreytingar, Skrúðgarðyrkju og Skóg og náttúru (skógtækni). Á námsbraut Skógar og náttúru fá nemendur undirstöðuþekkingu fyrir störf í skógrækt og umönnun umhverfis. Kennndar eru grunngreinar náttúrufræði, svo sem jarðvegs- og áburðarfræði, plöntuþekking, plöntulífeðlisfræði, vistfræði og umhverfisfræði. Einnig er fjallað ítarlega um skógrækt, nýtingu skógarafurða, skjólbelti, útivistarsvæði og friðlönd. Við útskrift verða nemendur skógtæknar. Skógtæknar vinna gjarnan á skógræktar- og landgræðslusvæðum, opnum svæðum sveitarfélaga og öðrum svæðum sem þarfnast sérhæfðrar umhirðu við. Tekið er inn í skólann annað hvert ár, næst haustið 2016. Opið er fyrir umsóknir vorið 2016 fram til 5. Júní og er tekið við umsóknum á heimasíðu skólans www.lbhi.is. Nánari upplýsingar gefa brautarstjórar hverrar brautar.



Skógardagurinn mikli

**Verður haldinn í
Hallormsstaðaskógi 25. júní**

Fjölbreytt dagskrá er í boði m.a. Íslandsmeistaramót í skógarhögg skeppni. 14 km skógarhlaup og 4 km skemmtiskokk. Þá er gestum boðið að smakka á nautakjöti af heilgrilluðu, grilluðu lambakjöti, ketilkaffið og skógarlummurnar verða á sínum stað. Norskur keðjusagarlistamaður sýnir listir sínar, hjómlistarfólk stígur á stokk og m.fl. Sjá nánar inná www.skogur.is eða <https://www.facebook.com/skogardagurinnmikli>



Weidemann skotbómulyftarar hafa fagnað mikilli velgengni á Íslandi undanfarin ár og þá sérstaklega í ljósi þess hversu fyrirferðarlítill tækin eru með framúrskarandi úrval aukahluta í boði.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



SKÓGRÆKT
RÍKISINS

Íslenskt timbur á bústaðinn

Hvernig væri að klæða sumarbústaðinn eða
garðskúrinn með efni úr íslenskum viði?
Fáanlegt úr lerki og greni.

Hafðu samband við skógarvörð í þínum
landshluta.

Austurland
Norðurland
Vesturland
Suðurland

470-2070
470-2060
470-2042
470-2080

hallormsstadur@skogur.is
nordurland@skogur.is
vesturland@skogur.is
sudurland@skogur.is



Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn

Yara áburður er einkorna gæða áburður þar sem öll næringarefnin eru í hverju korni. Með notkun á einkorna áburði er tryggð jöfn og góða þekja áburðarefnanna og fullkomin nýting þeirra. Ekki er hætt á aðskilnaði áburðarefna þar sem öll áburðarefnin eru í hverju korni.



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendarar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Notaðu minni áburð með Yara



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is